

Ók útaf á stolnum bíl

Á sjötta tímanum að morgni föstudags var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um umferðarslys skammt innan við Flateyri í Önundarfirði. Bifreið sem ekið var frá bænum hafði hafnað ofan vegar og var mikið skemmd. Ökumaðurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði en meiðsli hans eru talin minniháttar.

Við athugun kom í ljós að ökumaðurinn hafði tekið bifreiðina ófrjálsri hendi og er auk þess, að sögn lögreglunnar á Ísafirði, grunaður um að vera undir áhrifum áfengis eða lyfja.

—hj@bb.is

Moldrok á Ísafirði



Í síðustu viku hvessti úr suðri á Ísafirði og þrátt fyrir að rignit hafi í fyrsta skipti í langan tíma dugði það lítt til þess að metta skrauffurran jarðveg eftir mikla þurrkatið. Það sást best á mannvirkjunum miklu sem reist hafa verið til þess að verja byggð í Seljalandshverfi.

Undanfarið ár hefur verið unnið að uppgræðslu mannvirkjanna en því starfi er ekki lokið. Því er jarðvegur þar laus og fauk auðveldlega í strekkingnum í gær. Á meðfylgjandi mynd sem Þorsteinn Tómasson tók í gær má sjá mikið moldrok og þó að unnið væri við vökvun svæðisins kom það lítt að gagni að þessu sinni.

—hj@bb.is

Söfnuðu fjárframlögum til styrktar Rauða krossinum



Tvær ungar stúlkur, Katrín Valdimarsdóttir og Hulda Pálmadóttir, söfnuðu peningum til styrktar Rauða kross Íslands með því að ganga í hús á Ísafirði og biðja um fjárframlög. Þær söfnuðu þannig 2.372 krónum sem þær afhentu Ísafjarðardeild Rauða krossins í gær. Hulda er Ísafirðingur en Katrín er frá Reykjavík. Báðar eru þær á sjöunda ári.

—thelma@bb.is

Myndlistasýning opnuð á Langa Manga

Fannst vanta málverk af fólki með gleraugu



Guðjón Sigvaldason við eitt verka sinna.

Sýning á verkum listamannsins og leikstjórans Guðjóns Sigvaldasonar var opnuð á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði á föstudag. Við opnunina var boðið upp á léttu drykki. Sýningin ber yfirskriftina Gleraugnalámar, en á öllum myndum eru persónur með

gleraugu.

Að sögn Guðjóns er ástæðan sú að sjaldan er fólk með gleraugu á málverkum og langaði hann til að bæta úr því. Hann gefið út þrjár ljóðabækur og eina skáldsögu auk þess sem hann hefur sett á svið á fimmta tug leiksýn-

inga víðs vegar um landið. Skemmt er að minnast uppfærslu hans á einleiknum um Stein Steinarr sem Kómedúleikhúsið sýndi á Ísafirði fyrir tveimur árum. Myndlistasýning Guðjóns stendur út júnímánuð.

—thelma@bb.is

Leiðrétting

Mistök urðu við vinnslu á frétt um andlát Kristjáns Þorleifssonar um borð í bát sínum undir Stigahlíð fyrir skemmstu. Þar var sagt að hann léti eftir sig tvö upp-

komin börn, en þess ekki getið að hann lætur einnig eftir sig eiginkonu.

Aðstandendur eru beðnir velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

—hj@bb.is

Kvennahlaupið

Á þriðja tug kvenna hljóp á Flateyri



Á þriðja tug kvenna tóku þátt í kvennahlaupinu sem fór fram á Flateyri á laugardag. „Þetta var vaskur hópur og mjög ánægjuleg ganga. Reglulega skemmtilegt eins

og alltaf þegar konur koma saman“, segir Sigrún Gerða Gísladóttir sem sá um upphitun áður en hlaupið hófst.

—thelma@bb.is

Leikskólabörn í Bolungarvík

Gefinn kostur á kennslu í samstarfi við grunnskólann

Fræðslumálaráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að fela skólalæstjórnum grunnskólans og leikskólans í Bolungarvík að útfæra hugmyndir um samstarf skólanna í þá veru að 5 ára börnum í leikskólanum verði gefinn kostur á

allt að 10 kennslustundum á viku við grunnskólann í nánu samstarfi við leikskólann. Er í samþykkt ráðsins miðað við að þetta samstarf hefjist í haust.

Forsaga málsins er sú að snemma á þessu ári var skip-

aður í Bolungarvík starfshópur sem kanna átti kosti þess og galla að bjóða elstu börnum leikskóla upp á skólanám við Grunnskólann í Bolungarvík. Ekki tóku allir vel í þessar hugmyndir og meðal annars sagði stjórn félags leikskóla-

kennara á Vestfjörðum flutning leikskólanna yfir í grunnskóla óheimilan samkvæmt núgildandi lögum og benti einnig á að í leikskóla færi fram nám.

Á fundi fræðslumálanefndar á dögumunum kynnti Kristín

Jónasdóttir skólalæstjóri Grunnskóla Bolungarvíkur niðurstöður starfshópsins og í framhaldinu var áðurnefnd samþykkt fræðslumálanefndar gerð.

—hj@bb.is

Lögreglan á Ísafirði

Knapi féll af hestbaki og var fluttur á sjúkrahús

Knapi féll af hestbaki í Engidal í Skutulsfirði að kvöldi mánudags í síðustu viku. Var hann fluttur með sjúkrabifreið á sjúkrahús. Fallið mun hafa verið harkalegt, en að því er fram kemur í bókum lögreglu voru meiðsli ekki mjög alvarleg.

Á fimmtudag stöðvaði lögreglan ökumann stórrar hóp-bifreiðar í Ísafjarðardjúpi. Ábending hafði borist um að hóp-bifreiðinni, sem var í þyngri kantinum, hafi verið ekið yfir Þorskaðarheiði

þar sem þungatakmörkin voru í gildi. Grunsemdirnar reyndust réttar.

Í liðinni viku hefur lögreglan haft afskipti af nokkrum ökumönnum vegna ýmissa ætlaðra umferðarlagabrota. Nokkrir hafa verið stöðvaðir vegna hraðaksturs.

Undanfarið hafa lögregluliðin á Ísafirði og í Bolungarvík starfað saman að eftirliti og hefur samstarfið gefist mjög vel. Áframhald verður á slíku eftirliti, sem nær þá yfir alla norðanverða Vestfirði. Þá

verður samstarf milli lögregluliðanna á Vestfjörðum og í Dalasýslu af og til í sumari en þó sérstaklega um verslunarmannahelgina.

Lögreglan vill hvetja foreldra ungmenna til að vera vel á varðbergi gagnvart „óheillavænlegri hópamyndun“, eins og það er orðað í tilkynningu. Átt er við eftirlitslaus unglingasamkvæmi, útilegur og aðrar samkomur. Minnt er á að útivistarreglurnar eru í fullu gildi allt árið.

—thelma@bb.is

Fjórir unglíngar teknir með lítilræði af kannabisefnum

Fjórir unglíngar voru handteknir í Hnífsdal með lítilræði af vímuefnum í fórum sínum á laugardagskvöld. Unglingarnir sem eru á aldrinum 15-17 ára sátu í kyrrestæðum bíl við Hraðfrystihúsið Gunnvöru er lögregluna bar að. Háttarlag þeirra þótti grunsamlegt og við leit í bifreiðinni fannst tæplega 1 gramm af ætluðum kannabisefnum.

Drengirnir voru allir handteknir og færðir á lögreglu-

stöðina þar sem þeir voru yfirheyrðir að viðstöddum fulltrúa barnavarnardaryfirvalda á Ísafirði. Einn drengjanna viðurkenndi að hafa átt efnið sem fannst.

Að því er fram kemur í dagbók lögreglunnar er málið lítið mjög alvarlegum augum, ekki síst vegna aldurs drengjanna. Foreldrum þeirra hefur verið gert grein fyrir málavöxtum.

—thelma@bb.is

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Baldur endurráðinn þjálfari

Baldur Ingi Jónasson hefur verið endurráðinn til starfa hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar næsta tímabil. Samningurinn við hann er viðameiri en áður og eru mörg ný verkefni sem Baldur kemur til með að vinna fyrir félagið.

Hann verður þjálfari 1. deildar liðs KFÍ í karlaflokki og unglíngaflokks karla. Einnig verður hann yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Baldur kemur til með að hafa yfirumsjón með faglegru hlið körfu-

knattleiksmála félagsins auk eftirlits með þjálfurum. Hann mun hafa umsjón með öðrum verkefnum eins og allri skipulagningu keppnisferða beggja meistaraflokkanna, samskiptum við búninga- og skóbirgja auk vinnu við fjáraflanir og styrkjaöflun.

Baldur mun formlega hefja störf þann 1. ágúst en hann hefur um árabíl leikið með liðinu auk þess að koma að þjálfun þess.

—thelma@bb.is



Baldur Jónasson undirritar samninginn ásamt Helga Sigmundssyni formanni KFÍ og Karli Jónssyni formanni unglíngaráðs félagsins.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní

Viðamikil hátíðardagskrá í Ísafjarðarbæ

Fjölbreytt hátíðardagskrá verður í Ísafjarðarbæ á föstudag í tilefni þjóðhátíðardagsins 17. júní. Dagskráin hefst kl. 9.30 á dorgveiði við Sundahöfn en háltíma síðar verður lagt af stað frá Silfurtorgi í sögurölt um Ísafjörð undir leiðsögn Þorsteins Jóhannessonar. Eftir hádegi kl. 13.30 fer skrudganga frá Silfurtorgi að hátíðarsvæðinu sem verður við Safnahúsið á Eyrartúni þar sem hátíðin verður sett.

Rétt eftir kl. 14 mun Sunnukórinn á Ísafirði syngja nokkur lög, en því næst flytur fjallkonan ávarp sitt og hátíðaræðu. Þá er komið að skemmtatriðum undir stjórn Elfars Loga Hannessonar, leiklist, tónlist og dansi. Lína Langsokkur kemur í heimsókn auk þess sem boðið verður upp á ýmsa leiki og glens fyrir yngri kynslóðina. Hestamenn koma með hesta sína að vanda fyrir þá sem vilja prófa að fara á bak. Áætluð dagskrálok á hátíðarsvæðinu eru kl. 16.30.



Frá hátíðahöldunum í fyrra.

Kvöldskemmtun hefst á Silfurtorgi kl. 20:30 og verður þar leikið fyrir dansi auk þess sem haldin verður danssýning frá Dansskóla Evu Friðþjófsdóttur. Dagskrálok eru áætluð kl. 23.30.

Víðavangshlaup verða á

Suðureyri og Flateyri og hefjast þau bæði kl. 11. Súgufirðingar hlaupa frá Kleif út á Suðureyri og á Flateyri er hlaupið frá Holti í Önunderfirði.

Á Þingeyri verður gróðursett við tjaldstæðið á Þing-

eyrarodda kl. 10 og kaffisala hefst í félagsheimili staðarins kl. 15. Um kvöldið verður söngvarakeppni Höfrungs haldin í félagsheimili staðarins og hefst hún kl. 20.

—thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

STAÐA SÉRKENNSLUSTJÓRA VIÐ LEIKSKÓLANN SÓLBORG ÍSAFIRÐI

Leikskólinn Sólborg auglýsir lausa stöðu sérkennslustjóra við leikskólann. Um er að ræða 87,5% stöðu. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára og eru einkunnarorð skólans; virðing-gleði-sköpun.

Nánari upplýsingar veitir Sonja Elín Thompson, leikskólastjóri í síma: 456-3185, gsm: 864-7616, netfang: solborg@isafjordur.is

STAÐA MATRÁÐS VIÐ LEIKSKÓLANN EYRARSKJÓL ÍSAFIRÐI

Leikskólinn Eyrarskjól auglýsir lausa stöðu matrads við leikskólann. Um er að ræða 100% stöðu.

Eyrarskjól er þriggja deilda leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára og vinnur samkvæmt Hjallastefnunni.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Lind Karlsdóttir, leikskólastjóri í síma: 456-3685, netfang: eyrarskjol@isafjordur.is

Mannlíf og saga fyrir vestan

Sextánda heftið komið út

Vestfirski forlagið hefur nú gefið út alls 16. hefti af ritröðinni „Mannlíf og saga að vestan“. Eins og nafn ritraðarinnar gefur til kynna er í ritinu að finna vestfirskan fróðleik bæði gamlan og nýjan.

Efni þess er að vanda mjög fjölbreytt. Má þar nefna 2. hluta viðtals við Arnór Stígsson frá Horni sem Hlynur Þór Magnússon færði í letur. Birt eru þrjú athyglisverð bréf úr bréfasafni Friðriks

Wendels faktors á Þingeyri og einnig er fjallað um erfiða sjóferð á kúttar Mary sem farin var árið 1923. Jón Örn Guðbjartsson sjónvarpsmaður ritar grein sem hann nefnir „Staldráð við fyrir vestan“ og þá er fjallað um jarðirnar Ketilseyri og Kjaransstaði í Dýrafirði. Heftið er eins og önnur hefti í ritröðinni ríkulega myndskreytt m.a. með myndaróð úr safni Davíðs Davíðssonar.

—hj@bb.is

Grunnskólinn á Ísafirði

Fækkun almennra stöðugilda handan við hornið?

Skarphéðinn Jónsson skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði gerði fyrir skömmu fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar grein fyrir fjölda stöðugilda við skólann. Sem kunnugt er af fréttum var stjórnendum skólans, samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2005, gert að fækka stöðugildum við GÍ.

Kemur fram í bókun

nefndarinnar að nú séu 20,2 almenn stöðugildi við skólann. Heimilt var samkvæmt fjárhagsáætlun að ráðstafa 17,7 stöðugildum og síðan hafi verið fækkað um 2 stöðugildi. Því sé nú heimild fyrir 15,7 stöðugildum.

Samkvæmt þessum tölum standa stjórnendur skólans frammi fyrir því að þurfa að fækka um 4,5 stöðugildi fyrir

haustið. Skarphéðinn sem og fleiri starfsmenn skólans telja að þessi fækkun stöðugilda komi til með að rýra þá þjónustu sem byggð hefur verið upp á liðnum árum í skólanum og komi niður fyrst og fremst á þeim er síst skyldi eins og Herdís Hübner kennari orðaði það í grein á bb.is fyrir nokkru.

—hj@bb.is

Sjávarútvegur á Vestfjörðum

Samdráttur í aflu og aflaverðmætum fyrstu tvo mánuði ársins

Í febrúar var landað 3.587 tonnnum af sjávarfangi á Vestfjörðum að verðmæti rúmar 353 milljónir króna. Í sama mánuði í fyrra var landað 3.960 tonnnum að verðmæti rúmar 367 milljónir króna. Samdráttur í magni er því um 9,4% og í verðmætum um 3,8%. Í febrúar í ár var landað 2.329 tonnnum af þorski að verðmæti tæpar 244 milljónir króna. Er það nánast sama magn og verðmæti og í fyrra.

Ýsuaflinn dróst heldur saman og sömu sögu er að segja af steinbítasafli.

Mestur samdrátturinn er í rækjuveiði. Í ár var einungis landað 60 tonnnum af rækju að verðmæti rúmar 5 milljónir króna en í fyrra var landað 277 tonnnum að verðmæti rúmar 23 milljónir króna. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Fyrstu tvo mánuði ársins var landað 6.533 tonnnum af sjávar-

fangi á Vestfjörðum að verðmæti rúmar 628 milljónir króna en á sama tíma í fyrra hafði verið landað 6.831 tonni að verðmæti rúmar 645 milljónir. Af einstökum tegundum er mest breyting í rækjuafli. Fyrstu tvo mánuði ársins var einungis landað 96 tonnnum af rækju á Vestfjörðum að verðmæti tæpar 8,7 milljónir króna. Í fyrra hafði á sama tíma verið landað 378 tonnnum að verðmæti tæpar 30 milljónir.



Tilboðverð 135 kr
Verð áður 175 kr
Tilboðverð 199 kr
Verð áður 299 kr
Báber 240g box
Tilboðverð 197 kr
30%
áttíttir á kassa
Verð áður 299 kr/kg
Gourmet pasta
gryllosteinnar
Tilboðverð 99 kr
Verð áður 299 kr
Jurtíttir 200g box
Tilboðverð 139 kr
30%
áttíttir á kassa
Verð áður 199 kr/kg
Gourmet pasta
gryllosteinnar úrvalið

Góður kostur!

Tilboð 16. - 19. júní

Tilboðverð 119 kr
30%
áttíttir á kassa
Verð áður 169 kr/kg
Félagslamb af fám kynslóð
fyrir 10 lambagjöf
Tilboðverð 29 kr
25%
áttíttir á kassa
Verð áður 39 kr/kg
Bakstovur grjólkornar
Eftir útsölu
Tilboðverð 99 kr
Verð áður 139 kr
Bakstovur grjólkornar
Eftir útsölu
2L kók
Tilgjafi með smelli
Vinarþýtur 10stk.
Tilboðverð 99 kr
30%
áttíttir á kassa
Verð áður 149 kr/kg
Bakstovur grjólkornar
Eftir útsölu
Tilboðverð 159 kr
Verð áður 242 kr
Ósmátt Kartöflusúpa
200 g
Tilboðverð 50 kr
Verð áður 75 kr
3x heil áður
Tilboðverð 99 kr
Verð áður 139 kr
Appelsínusúpa 70
Eplásúpa 70
Tilboðverð 176 kr
Verð áður 225 kr
Caramel súkkulétur
1 kg
Tilboðverð 70 kr
Verð áður 95 kr
3x heil áttíttir á kassa
Verð áður 95 kr

Samkaup úrval

Viðræður við eigendur Brunngötu 20 og Silfurgötu 5

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að ræða við eigendur húseignanna að Brunngötu 20 og Silfurgötu 5 vegna framkvæmda við Grunnskólans á Ísafirði.

Byggingarnefnd framtíðarhúsnæðis Grunnskólans bókaði á fundi sínum fyrir nokkru að uppkaup húsnæðis vegna stækkunar skólans væru æskileg en ekki nauðsynleg. Íbúðarhúsið að Brunngötu 20 var reist árið 1903 og er 194 fermetrar að stærð.

Á lóð hússins stendur bílskúr sem er 52 fermetrar að stærð. Fasteignamat hússins og skúrsins er rúmlega 8,4 milljónir króna og brunabóta-



Umrædd hús við Silfurgötu og Brunngötu eru í næsta nágrenni við skólann.

mat tæplega 19,9 milljónir króna. Verslunarhúsið að Silfurgötu 5 var byggt árið 1884

og er 444 fermetrar að stærð. bótamat þess tæpar 28,9 milljónir króna. Fasteignamat þess er tæpar 10,9 milljónir króna og brunabóta-

–hj@bb.is

Kvennahlaupið á Ísafirði

Elsti þátttakandinn 101 árs

Um 300 konur á öllum aldri tóku þátt í kvennahlaupi íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á Ísafirði en hlaupið var haldið um land allt á laugardag. Elsti þátttakandinn var Torhildur Torfadóttir fædd 24. maí 1904 og er hún sú elsta til að taka þátt á landsvísu svo vitað sé. Yngstu þátttakendurnir voru nokkurra mánaða og fylgdu meðrum sínum í vagni.

Hlaupið fór fram í blíðskap-

arveðri en konurnar byrjuðu á að hita upp við íþróttahúsið á Torfnesi. Hægt var að velja um þrjár vegalengdir, 2,5 km, 5 km og 7 km. Blakfélagið Skellurnar á Ísafirði stóð fyrir Kvennahlaupinu. Áætlað er að á bilinu 17-18 þúsund konur hafi tekið þátt á yfir 90 stöðum á landinu en þar fyrir utan hlupu tæplega 400 íslenskar konur á 15 stöðum erlendis.

–thelma@bb.is



Friðland Hornstranda

Landvörður spáir mikilli umferð en segir deyfð yfir lífríkinu



Þessa mynd tók Kristinn Hermannsson í Fljótavík í friðlandi Hornstranda um síðustu helgi.

Jón Björnsson landvörður í friðlandi Hornstranda segir óvenju mikla deyfð vera yfir lífríkinu á svæðinu og telur að kalt og þurrtt vor eigi helst sök á því. Jón gekk um svæðið fyrir skemmstu og segir enn

mikinn snjó í fjöllum, en göngufæri sé þó ágætt.

„Það er óvenju þurrtt alls staðar og gróðurinn er sama og ekkert farinn að taka við sér. Tjaldsvæðin í friðlandinu eru illa farin og myndu ekki

þola mikið álag enn sem komið er. Þá vakti það athygli mína hversu mikil deyfð er yfir lífríkinu. Ég sá tófu í Hornvík en annars fannst mér voðalega lítið um fugl og ref“, segir Jón.

Hann spáir mikilli umferð um svæðið í sumar en segir að hún eigi eftir að vara í stuttan tíma. „Síðustu tvær helgarnar í júlí eiga eftir að verða miklar annahelgar.

Það hafa borist töluvert margar fyrirspurnir um svæðið og það er að verða uppantað í skipulagðar ferðir á vegum

útivistarfélag. Það sem af er hefur sumarhúsafólk verið duglegt við að vera á svæðinu. Þá eru refatölvungamenn komnir og eitt þýskt par hefur verið á göngu“, segir Jón Björnsson landvörður.

Við þetta má bæta að ferðafólk getur fengið allar hagnýtar upplýsingar um friðlandið og aðra ferðamannastaði á Upplýsingamiðstöðinni á Ísafirði. Þar er opið frá klukkan 8-18 á virkum dögum og frá klukkan 10-15 um helgar.

–halfdan@bb.is

Konur

Hittumst sunnudaginn 19. júní kl. 20 í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað og minnumst þess að 90 ár eru liðin síðan konur á Íslandi fengu kosningarétt.

Kvenfélögin Ósk, Hvöt og Hlíf.

Æfingar hafnar fyrir púkamót og mót í mýrarknattspyrnu



Mýrarknattspyrna.

Eins og fram hefur komið verður haldið svokallað púkamót í knattspyrnu á Ísafirði í júlí og mót í mýrarknattspyrnu í ágúst og ætla liðsmenn Reynis í Hnífsdal að hefja æfingar innan tíðar. Æft verður vikulega á gervigrasvælinum á Torfnesi, á

mánudögum klukkan 21, en eins og flestir vita hefur Reynir titil að verja í mýraboltanum. Liðsmenn annarra félaga sem ætla að taka þátt í mótunum munu þó að líkindum fá að taka þátt í æfingunum ef þess verður óskað. –halfdan@bb.is

Kvennaútlarp í Bolungarvík

Fá styrk til að gera viðskiptaáætlun um útvarpið

Hugmyndir eru uppi um að koma af stað kvennaútlarp á vefnum. Bolvísku athafnakonurnar Soffía Vagnsdóttir og Guðrún Stella Gissurardóttir eru hugmyndasmiðirnir og hafa þær fengið styrk frá atvinnusjóði kvenna til að gera viðskiptaáætlun um verkefnið.

„Hugsunin er að koma með miðil ætlaðan konum með fræðsluefni og viðtölum við konur. Okkur finnst mun minna um konur í fjölmiðlum en karlmenn og opinber gögn sýna að það er rétt. Þó margt hafi áunnist í jafn-

réttismálum er enn langt í land og með þessum miðli væri hægt að koma fræðslu og upplýsingum um hvað konur eru að gera á framfæri“, segir Guðrún Stella.

Enn er óvíst hvort af verði en Guðrún segir að unnið verði hratt og örugglega að viðskiptaáætluninni og framhaldið ráðist eftir það. „Við hefðum viljað fá meiri styrk en vonumst til að geta farið af stað með þetta spennandi verkefni. Það kemur í ljós hvað hægt verður að gera von bráðar“, segir Guðrún Stella.

–thelma@bb.is

Grunnskólinn á Ísafirði

Aðeins tvær bekkjardeildir í 7. bekk næsta vetur

Á næsta skólaári verða aðeins tvær bekkjardeildir í 7. bekk Grunnskólans á Ísafirði í stað þriggja áður. Þetta kom fram á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu.

Samkvæmt þjóðskrá hefur farið nokkuð fækkandi í árgöngum á liðnum árum og í þeim árgangi sem hefur nám í sjöunda bekk eru sam-

kvæmt þjóðskrá 40 börn. Í árgöngunum á undan voru þau 45-58. Í næsta árgangi á eftir eru þau hins vegar 52 talsins en síðan fer þeim fækkandi. Þann 1. desember í fyrra voru til dæmis aðeins 21 barn eins árs að aldri eða um helmingur þess litla árgangs sem hefur nám í 7. bekk í haust.

–hj@bb.is

Ritstjórnargrein

Sérstaða Vestfjarða

Meðan menn vissu ekki betur en að fiskistofnarnir í sjónum væru óþrjótandi var gengdarlausum metnaði fullnægt með sífellt stærri og afkastameiri veiðiskipum og veiðarferum. Og meðan menn í fávísku sinn töldu að sjóinn gleypri allt, var litid á hafid sem eina allsherjar, sjálfsagða ruslakistu. Nú vita menn betur. Síldin hvarf. Þegar óttast var að sömu örlög biðu þorskins var hann settur á válista og þar er hann enn í skjóli kvótakerfisins, tuttugu árum síðar. Markvisst hefur verið unnið að því að útrýma vistvænustu veiðiaðferðinni, krókaveiðum. Við látum okkur engu varða hvaða veiðiaðferðum er beitt til að ná þessum fáu fiskittum sem efir eru, eða hvaða áhrif þær hafa á lífríkið í hafinu.

Mengun hafs, lofts og láðar er margfallt meiri en áður var talið og ásætlanlegt er. Samt er ekkert gefið eftir. Þjóðarleiðtogar véla sín á milli um meiri mengun. Hver og einn krefst meiri réttinda til að spilla umhverfinu og andrúmsloftinu. Allt er þetta gert í nafni hagvaxtar, krafna tiltölulega fámenns hóps, ef horft er til alls þess fjölda sem jarðarkringluna byggir, um tímabundin lífsgæði. Í landi áður einnar af mestu fiskveiðipjóðum heims, er hafid gengdarlaust kapphlaup milli sveitarfélaga og landshluta í baráttunni um álið. Álver skulu byggð hist og her og virkjanir hér og þar til sölu á raforku til stóriðju. Hver á fatur öðrum ryðjast sveitarstjórnarmenn fram á ritvöllinn, krefjast álvers fyrir heimabyggðina og stofna hollvínafélög álvera. Klögumálin ganga á líxl. Margir hafa brett upp emmar. „Við viljum álver“ hljómar víkt og viðlag í baráttusöng sveitarfélaganna. „Við eigum nóg af ónýttum möguleikum til virkjana fyrir stóriðju“ er viðhorf talsmanna áliðnaðarins. Efni í álgerðar þjóðarleiðtogastyttur mun ekki skorta er fram líða stundir. Okkur veitir veitir ekki af nýjum atvinnutækifærum. En hvað þolir Ísland mörg álver? Breyta þau í engu hreinleikaámyndinni, sem við keppumst við að halda á lofti og þykjumst alltaf vera að selja útlendingum?

Þótt Vestfirðingar hafi látið baráttuna um álið fara hjá garði skal stjórnvöldum eitt vera ljóst: Vestfirðingar setta sig ekki lengur við það að vera settir til hlíðar vegna stóriðju- og virkjanaf framkvæmda í öðrum landshlutum. Þessi afsökun stjórnvalda fyrir aðgerðarleysi hér vestra gildir ekki lengur! Það verður strax að snúa sér að Vestfjörðum: byggja upp aðsetur mennta, vísinda og rannsóknna í þágu láðs og lagar; öfluga ferðaþjónustu, skartandi einni mestu náttúruperlu landsins, Hornströndum; matvælaframleiðslu, grundvallaðri á skynsamlegri nýtingu íbúanna á auðlindinni úti fyrir ströndum fjörðungsins.

Í þessu liggur stóriðja og sérstaða Vestfjarða!

s.h.

Orðrétt af netinu

Feitar mömmur verri en mjóar?

Núna á dögum var íslenski konu synjað um að ætteleiða barn á þeim forsendum að hún væri of feit. Konan hafði vottorð frá hjarta- og æðasjúkdómalækni að hún væri ekki í sérstökum áhættuhópi varðandi slíka sjúkdóma þrátt fyrir að vera yfir kjörþyngd og synjunin virtist því ekki nægilega rökstudd heilsufarsrökum.

Synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytis vekur upp margar spurningar. Hvað varðar þetta tiltekna mál er auðvitað afar einkennilegt að holdafar geti verið ráðandi þáttur þegar fólk ætteleiðir börn. Hvað ef grönn manneskja fær leyfi til að ætteleiða barn en fitnar svo í framhaldi? Væri þá hægt að taka af henni barnið? Eru þetta fordómar íslenskra embættismanna gagnvart feitu fólki? Eða oftúlkun á heilbrigðisvandamálum sem tengjast litu? Þessum spurningum verður hugsanlega svarað í þeim málaferlum sem nú virðast í uppsiglingu vegna synjunarinnar.

murinn.is – Katrín Jakobsdóttir

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 ·

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is ·

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – **Bláðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is ·

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is ·

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukort.

ISSN 1670 - 021X

Sjómannaðagspredikun

Herra, bjarga þú, vér förumst



Sr. Magnús Erlingsson.

Séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði ræddi í predikun sinni í Ísafjarðarkirkju á sjómannaðag um stöðu sjávarútvegsins og Vestfjarða. Predikunin hefur vakið töluverða athygli. Magnús sagði það vera kaldhæðni örlaganna að loksins þegar til væru tæki og tól til þess að leggja undir sig hafid og fullnýta auðlindir þá mætti það ekki því kvótinn væri búinn eða fyrirtækið fallitt. Hann sagði að þegar Vestfirðingar mættu mótlæti hringdu þeir ekki í þingmanninn heldur tækju þeir utan um hvorn annan og leituðu í bænina.

Í predikun sinni sagði hann m.a.: „Í guðspjallinu stóð: „Þá gjörði svo mikið veður á vatninu að bylgjurnar gengu yfir bátinn. Þeir fara til, vekja Jesú og segja: Herra, bjarga þú, vér förumst.“ Þessi texti var ritaður fyrir bráðum 2000

árum síðan. Í þá daga reru menn til fiskjar á litlum bátum og þegar vindur var hagstæður drógu menn upp segl. Þannig sóttu menn sjóinn gegnum aldimar, – og gera enn, því að plastbátarnir og litlu handfærabátarnir, sem svo margir sækja á lífsbjörgina í sjóinn, eru ekkert stærri en báturinn, sem Jesús og lærisveinarnir voru á úti á vatninu. Og báturinn hans afa míns, Herjóður, var og er einnig sömu stærðar. En þó að menn sækir enn sjóinn á litlum nökkvum þá hefur annað breyst og það er tæknin. Í flesta báta eru komnar tölvur og alls kyns tól og tæki, sem einungis innvígðir kunna skil á. Og í mörgum bátum eru horfin stýrishjólín, trépinahjólín, sem settu svo eftirminnilegan svip á stýris-húsin. Reyndar er það svo að þegar gengið er inn í brú á stóru togurunum þá er líkt og komið sé um borð í geimskip 21. aldarinnar. Tölvur standa í röðum. Það er ýtt á takka, myndir, gröf, línur og tölur flæða yfir skjáina og farkosturinn líður áfram. Þessi tæki eru ekki áframhald af árinni, kompásnum, netinu og öðrum þeim verkfærum, sem við höfum fundið upp til að leggja undir okkur hafid og nýta okkur auðlindir þess til framfærslu.“

Séra Magnús vitnaði í nóbelskaldid og sagði: „Jón Hreggviðsson, bóndi á Kristþú, vér förumst.“ Þessi texti var ritaður fyrir bráðum 2000

árum síðan. Í þá daga reru menn til fiskjar á litlum bátum og þegar vindur var hagstæður drógu menn upp segl. Þannig sóttu menn sjóinn gegnum aldimar, – og gera enn, því að plastbátarnir og litlu handfærabátarnir, sem svo margir sækja á lífsbjörgina í sjóinn, eru ekkert stærri en báturinn, sem Jesús og lærisveinarnir voru á úti á vatninu. Og báturinn hans afa míns, Herjóður, var og er einnig sömu stærðar. En þó að menn sækir enn sjóinn á litlum nökkvum þá hefur annað breyst og það er tæknin. Í flesta báta eru komnar tölvur og alls kyns tól og tæki, sem einungis innvígðir kunna skil á. Og í mörgum bátum eru horfin stýrishjólín, trépinahjólín, sem settu svo eftirminnilegan svip á stýris-húsin. Reyndar er það svo að þegar gengið er inn í brú á stóru togurunum þá er líkt og komið sé um borð í geimskip 21. aldarinnar. Tölvur standa í röðum. Það er ýtt á takka, myndir, gröf, línur og tölur flæða yfir skjáina og farkosturinn líður áfram. Þessi tæki eru ekki áframhald af árinni, kompásnum, netinu og öðrum þeim verkfærum, sem við höfum fundið upp til að leggja undir okkur hafid og nýta okkur auðlindir þess til framfærslu.“

Séra Magnús vitnaði í nóbelskaldid og sagði: „Jón Hreggviðsson, bóndi á Kristþú, vér förumst.“ Þessi texti var ritaður fyrir bráðum 2000

árum síðan. Í þá daga reru menn til fiskjar á litlum bátum og þegar vindur var hagstæður drógu menn upp segl. Þannig sóttu menn sjóinn gegnum aldimar, – og gera enn, því að plastbátarnir og litlu handfærabátarnir, sem svo margir sækja á lífsbjörgina í sjóinn, eru ekkert stærri en báturinn, sem Jesús og lærisveinarnir voru á úti á vatninu. Og báturinn hans afa míns, Herjóður, var og er einnig sömu stærðar. En þó að menn sækir enn sjóinn á litlum nökkvum þá hefur annað breyst og það er tæknin. Í flesta báta eru komnar tölvur og alls kyns tól og tæki, sem einungis innvígðir kunna skil á. Og í mörgum bátum eru horfin stýrishjólín, trépinahjólín, sem settu svo eftirminnilegan svip á stýris-húsin. Reyndar er það svo að þegar gengið er inn í brú á stóru togurunum þá er líkt og komið sé um borð í geimskip 21. aldarinnar. Tölvur standa í röðum. Það er ýtt á takka, myndir, gröf, línur og tölur flæða yfir skjáina og farkosturinn líður áfram. Þessi tæki eru ekki áframhald af árinni, kompásnum, netinu og öðrum þeim verkfærum, sem við höfum fundið upp til að leggja undir okkur hafid og nýta okkur auðlindir þess til framfærslu.“

Séra Magnús vitnaði í nóbelskaldid og sagði: „Jón Hreggviðsson, bóndi á Kristþú, vér förumst.“ Þessi texti var ritaður fyrir bráðum 2000

árum síðan. Í þá daga reru menn til fiskjar á litlum bátum og þegar vindur var hagstæður drógu menn upp segl. Þannig sóttu menn sjóinn gegnum aldimar, – og gera enn, því að plastbátarnir og litlu handfærabátarnir, sem svo margir sækja á lífsbjörgina í sjóinn, eru ekkert stærri en báturinn, sem Jesús og lærisveinarnir voru á úti á vatninu. Og báturinn hans afa míns, Herjóður, var og er einnig sömu stærðar. En þó að menn sækir enn sjóinn á litlum nökkvum þá hefur annað breyst og það er tæknin. Í flesta báta eru komnar tölvur og alls kyns tól og tæki, sem einungis innvígðir kunna skil á. Og í mörgum bátum eru horfin stýrishjólín, trépinahjólín, sem settu svo eftirminnilegan svip á stýris-húsin. Reyndar er það svo að þegar gengið er inn í brú á stóru togurunum þá er líkt og komið sé um borð í geimskip 21. aldarinnar. Tölvur standa í röðum. Það er ýtt á takka, myndir, gröf, línur og tölur flæða yfir skjáina og farkosturinn líður áfram. Þessi tæki eru ekki áframhald af árinni, kompásnum, netinu og öðrum þeim verkfærum, sem við höfum fundið upp til að leggja undir okkur hafid og nýta okkur auðlindir þess til framfærslu.“

Séra Magnús vitnaði í nóbelskaldid og sagði: „Jón Hreggviðsson, bóndi á Kristþú, vér förumst.“ Þessi texti var ritaður fyrir bráðum 2000

húsinu mínu heima. Þegar öldurnar rísa hátt í þjóðlífinu og fólk finnst sem lífsöryggi þess sé ógnað, þegar hörmungafréttir berast, slys, áfall, auðnubrigði; hvert leitum við þá? Ég skal segja ykkur það. Við hringjum hvorki í þingmanninn né fjölmiðlana. Þá kumpána þarf ekki að hvetja og brýna. Þeir stíga á stokk af sjálfsdáðum og segja og skrifa margt. Orðagjálfur og loforð! Fréttir og svo eitthvað allt annað á morgun. Nei, þegar annað Vestfirðingar mætum mótlæti í okkar lífi þá tökum við utan um hvert annað, og biðjum saman og fyrir hvert öðru. Þegar í nauðir rekur þá er það kærleikurinn, umhyggjan, bæninn og trúin, sem blífur. Guðspjall sjómannaðagsins fjallar um þetta. Guðspjallið er fagnaðarerindið um það að á bak við umhyggju vinarins og trúna sé innistæða, sem heldur. að er hið milda vald og líknandi máttur sem skelfingu lostnir hröpuðu á hjálp þegar bylgjurnar risu og stormurinn hvein og bátskelin steypir stömpum í heljargreipum hafnsins: „Herra, bjarga þú!“; hrópa þeir. Við þekkjum öll þá lamandi skelfingartilfinningu þegar okkur finnst sem grunnstoðir lífs og tilveru séu að breyta. Það er ekki bara á sjó, augliti til auglitis við heljarhramm hafnsins, sem slíkt gerist. Nei, það gerist líka í hinum smáa hversdagsheimi, í þorpinu heima við fjörðinn, í

Í lok predikunarinnar sagði séra Magnús: „Jesús sagði: „Hví eruð þér hræddir, þér trúlitir?“ Síðan reis hann upp og hastaði á vindinn og vatnið, og það varð stillilogn. Ef við stöndum saman, styðjum hvert annað af kærleika og treystum á forsjón Guðs þá mun að lokum létta til, storminum slota og það verða stillilogn.“ -hj@bb.is

Raggagarður í Súðavík

Efnt til samkeppni um nafn á garðinn

Áhugamannafélagið Raggagarður hefur hrundið af stað hugmyndasamkeppni um nafn á fjölskyldugarð Vestfjarða í Súðavík. Nafnið verður opinberað við opnun garðsins sem stefnt er að verði í júlí. Raggagarður hefur nú keypt fjögur ný leiktæki í garðinn sem unnið er við að setja upp.

Einnig hefur Orkan bensín gefið garðinum þjálfunar- og leiktæki sem verður inni í svokölluðum Orkulundi. Fleiri hafa lagt hönd á plóg en þrjú börn héldu tombólu í Álfaveri

fyrir skemmstu og gáfu Raggagarði ágóðann af sölnunni til þess að kaupa bekk með borði í garðinn. Þau heita Elísa Vilborg Halldórsdóttir, Þórir Garibaldi Halldórsson sem eru bæði 10 ára og Dagný Ósk Axelsdóttir 11 ára.

Bæði foreldrar og börn eru hvött til að senda inn tillögu um nafn fyrir 10 júlí. Tillögur sendist til Raggagarðs, Holtagötu 11, Súðavík í umslagi með nafni og síma sendanda.

-thelma@bb.is



Vilborg Halldórsdóttir, Þórir Garibaldi Halldórsson og Dagný Ósk Axelsdóttir öfluðu fjár til kaupa á þessu borði með tombólu.

Framsóknarflokkurinn

Dagný Jónsdóttir segir ekki rétt að Kristinn H. eigi helst sök á litlu fylgi



vakið mikla athygli. Þar var það eftir Dagnýju Jónsdóttur þingmanni flokksins að Kristinn H. Gunnarsson væri ein helsta skýringin á litlu fylgi flokksins. Guðni Geir Jóhannesson bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar andmælti þessari skoðun Dagnýjar og telur að þingmenn og forysta flokksins öll verði að fara að skoða hvort eitthvað sé að í stefnu hans.

Dagný Jónsdóttir alþingismaður segir frétt Ríkisútvarpsins þar sem hún tjáir sig um minnkandi fylgi Framsóknarflokksins hafi ekki verið rétt unnin og það sé ekki rétt að Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður sé helsta skýringin á þverrandi fylgi flokksins. Skýringanna sé fyrst að leita hjá Framsóknarmönnum almennt sem ættu erfitt með að koma málefnum sínum á framfæri.

Frétt Ríkisútvarpsins um lítið fylgi Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum hefur

Í samtali við Bæjarins besta segir Dagný frétt Ríkisútvarpsins í gær ekki gefa rétta mynd af því viðtali sem fréttamaður tók við hana. „Mín skoðun er sú að það sé fyrst og fremst okkur framsóknarmönnum sjálfum að kenna hvernig komið er fyrir fylgi flokksins. Okkur hefur gengið erfiðlega að koma skoðunum okkar og árangri af störfum okkar á framfæri við almennina. Þessi hluti viðtalsins var klipptur frá og því kom fréttin þannig út að ég teldi Kristinn helstu skýringuna á litlu fylgi flokksins. Hitt er annað mál

að vinnubrögð Kristins og skoðanir hans í ýmsum málum hafa veikt stöðu okkar. Við verðum að leysa okkar mál innan flokksins og koma síðan fram sem einn maður að því loknu“, segir Dagný.

Aðspurð hvort einhver

skoðanakönnun staðfesti þessa fullyrðingu hennar um að vinnubrögð og skoðanir Kristins hafi skaðað flokkinn segir Dagný svo ekki vera. „Þetta er einfaldlega mín tilfinning“.

—hj@bb.is

Jafntefli og tap liðanna við Djúp

Sigur snerist í 1-3 tap hjá UMFB

Lið Ungmennafélags Bolungarvíkur tapaði á föstudag fyrir Víði frá Garði 1-3 á Skeiðisvelli. Lengst af var útlitið gott fyrir Bolvíkinga sem komust yfir með marki frá Hauki Benediktssyni á 38. mínútu. Héldu heimamenn forystunni þangað til lítið var eftir af leiknum, en fengu á sig 3 mörk á lokamínútunum og því fór sem

fór. Tveimur dögum síðar héldu Víðismenn til Ísafjarðar og gerðu markalaust jafntefli við Boltafélagsmenn á Torfnesvelli.

Eftir leikina situr UMFB í 5. sæti A-riðils 3. deildar með 4 stig eftir 5 leiki, en BÍ er sæti neðar með 2 stig eftir 4 leiki.

—halfdan@bb.is

Sýning Ingimundar opnar í Náttúrugripasafninu á Þjóðhátíðardaginn

Alls 22 myndir til sýnis



Frá Bolungarvík.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní verður opnuð sýning Ingimundar Guðmundssonar í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík. Á sýningunni verða mannlífs- og landslagsmyndir Ingimundar sem hrifist hefur mjög af Vestfjörðum og hefur keypt sér hús í Bolungarvík þar sem hann dvelur á sumrin. Alls eru myndirnar 22 og verður sýningin opin í viku.

—halfdan@bb.is

Grunnskólinn á Ísafirði

Almennir starfsmenn hlutfallslega mun færri en í öðrum skólum



Grunnskólinn á Ísafirði.

Mun fleiri nemendur voru að baki hverjum almennum starfsmanni í Grundskóla Ísafjarðar árið 2003 en víðast annars staðar á landinu. Kostnaður við hvern nema er einnig lægri en víðast annars staðar. Þrátt fyrir þetta er stjórnendum skólans gert að fækka stöðugildum nokkuð fyrir næsta skólaár.

Eins og fram kom í frétt bb.is standa stjórnendur Grundskólans á Ísafirði frammi fyrir því að fækka fyrir

haustið almennum stöðugildum við skólann um 4,5. Komið hefur fram að stjórnendur og starfsmenn skólans telji þá fækkan rýra þá þjónustu sem byggð hefur verið upp á liðnum árum og komi fyrst og fremst niður á þeim er síst skyldi.

Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga er að finna nákvæmar upplýsingar um nemandafjölda, starfsmannafjölda og kostnað við rekstur grunnskólanna í landinu. Árið 2000

voru 26,99 nemendur að baki hverjum almennum starfsmanni í Grundskólum landsins. Í Reykjavík voru nemendurnir 28,8 að baki hverjum almennum starfsmanni en í Grundskólanum á Ísafirði voru þeir 33,9. Samkvæmt þessu voru almennir starfsmenn í Grundskólanum á Ísafirði hlutfallslega fæstir á Ísafirði.

Árið 2003 hafði almennum starfsmönnum víða fjölgað nokkuð. Má nefna að í Reykjavík voru aðeins 19,89 nemendur

ad baki hverjum almennum starfsmanni. Á landinu öllu voru 20,46 nemar að baki hverjum almennum starfsmanni. Í Grundskólanum á Ísafirði voru 27,14 nemendur að baki hverjum almennum starfsmanni. Almennir starfsmenn Grundskólans á Ísafirði voru því enn hlutfallslega fæstir.

Eins og áður sagði má einnig finna kostnað við rekstur grunnskólanna á vef sambandsins. Árið 2000 var kostnaður við hvern nemanda í Grundskólum landsins 355.724 krónur. Í Reykjavík var kostnaðurinn 362.926 krónur og í Grundskólanum á Ísafirði var kostnaðurinn 298.456 krónur eða einungis 83,9% af landsmeðaltali. Á Vestfjörðum í heild var kostnaðurinn 436.659 krónur á hvern nemanda.

Árið 2003 hafði kostnaður á hvern nemanda í Grundskólum landsins hækkað í 654.120 krónur eða um 83,9%. Í

Reykjavík var kostnaðurinn orðinn 674.164 krónur og hafði hækkað um 85,75%. Í Grundskólanum á Ísafirði hafði kostnaðurinn hins vegar einungis hækkað í 456.046 krónur á hvern nemanda eða einungis um 4,4% og hafði því hlutfall kostnaðar á Ísafirði lækkað úr 83,9% af landsmeðaltali í 69,71% af landsmeðaltali.

Til samanburðar má nefna

að kostnaður við hvern nemanda í öðrum Grundskólum Ísafjarðarbæjar var á árinu 2003 á bilinu 660-800 þúsund krónur.

Það skal ítrekað að í tölum yfir starfsmenn er átt við almenna starfsmenn en það er sá hópur sem fækka mun í, verði fyrirhuguð fækkun stöðugilda við Grundskólann á Ísafirði að veruleika.

—hj@bb.is



Okkar ástæri

Jörundur Sigurgeir Sigtryggsson

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 11. júní s.l. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. júní kl. 14.00

- Helga Sigurgeirsdóttir Hjálmfríður Guðmundsdóttir
- Eygló Harðardóttir Runólfur Pétursson
- Sigríður H. Jörundsdóttir Hálfán Óskarsson
- Linda Jörundsdóttir Guðmundur Geirdal
- Martha Jörundsdóttir barnabörn og barnabarnabarn.

Íslendingar eru ein

Anneleen Neuts og Anita Jaußen hafa í vetur verið skiptinemar við Menntaskólann á Ísafirði. Anita kemur frá Þýskalandi en Anneleen, sem kölluð er Anna, er frá Belgíu. Á innan við ári hafa þær náð góðum tókum á íslenskunni og aðlagast lífinu á Vestfjörðum. Bæjarins besta ræddi við stúlkurnar um reynslu þeirra sem skiptinemar og hvernig Ísland kemur þeim fyrir sjónir. Eins og máltækið segir er gestsaugað glögg.

– Hvaðan eru þið og af hverju völduð þið að koma til Íslands?

Anita: Ég kem frá litlum bæ í Norður-Þýskalandi nálægt Bremen. Hann er mjög litill en samt stærri en Ísafjörður. Ég hafði heyrt mikið um landið og fannst það mjög áhugavert. Mér fannst það merkilegt að þetta væri bara eyja en samt væri svo mikið að gerast og landið ætti svo mikla sögu.

Anna: Ég kem frá Belgíu. Við komum til Ísafjarðar í ágúst og erum búnar að dvelja hér í níu mánuði. Ég þekkti stelpu sem hafði verið skiptinemi á Íslandi. Hún sýndi mér myndir frá landinu og sagði mér skemmtilegar sögur.

– Nú hafið þið náð góðum tókum á íslenskunni. Höfðuð þið lært íslensku áður en þið komuð?

Anita: Nei, ekkert að ráði.

Anna: Ég gat sagt: Ég er að læra íslensku. Það var allt og sumt sem ég kunni.

Anita: Fyrst þegar ég kom var þetta erfitt. Ég skildi ekki tungumálið og þekkti engan. Íslendingar eru frekar feimnir svo það tók tíma að kynna þeim. Það er næstum hægt að líkja þessu við að vera lítið barn, maður þurfti að læra svo mikið upp á nýtt. Núna er allt svo frábært og mikið að gera.

Anna: Þetta var erfitt í byrjun en nú langar mig ekki að fara heim aftur. Þegar ég kom hingað fyrir níu mánuðum skildi ég ekkert hvað fólk var að segja og vissi ekkert hvert ég ætti að fara þegar ég kom í skólann. Eftir smátíma fór maður að reyna tala íslensku og tala við fólk.

Anita: Íslendingar tala ensku mjög vel og því var gott að geta bjargað sér með því að tala hana. En það hefði þó ekki verið sniðugt til lengdar því það kæmi í veg fyrir að maður lærði íslensku. Ég hætti því snemma að tala ensku og reyndi að bjarga mér á íslenskunni. Það kom bara með tímanum.

Anna: Mamma í Bolungarvík vildi ekki tala ensku og sagði allt við mig á íslensku. Þó ég skildi ekkert hvað hún var að segja í fyrstu, þá hlustaði ég og eftir smátíma fór ég að skilja. Eftir einn til tvo mánuði skildi ég flest.

Anita: Það er mun auðveldara að skilja íslensku en að tala hana. Þó ég skildi hvað fólk var að segja gat ég ekki svarað á íslensku. Það var bara spurning um æfingu. Ég lá ekki yfir málfræðibókum heldur hlustaði ég á fólk að tala saman. Í fyrstu kennslustundunum vissi maður ekkert hvað kennarinn var að segja en ég hlustaði á tungumálið. Ég á eftir að læra málfræðina betur en það er mjög erfitt að læra allar beygingarnar. En það er allt í lagi þó maður ruglist stundum á þöfelli og þágufalli, maður skilst samt. Íslendingar tala reyndar ekki alltaf rétt mál sjálfir og mér finnst mjög skondið þegar ég heyrir það.

Anna: Eins og þegar þeir segja „mér langar“, þá leiðrétti ég þá og segi „mig langar“. Þá finnst þeim það ekki gott að ég skuli vera leiðrétt þá á þeirra eigin móðurmáli.

Allir glaðir á sumrin

– Hvað finnst ykkur um Ísland?

Anna: Allt er svo lítið hérna miðað við heima. Ég bý til dæmis í Bolungarvík þar sem eru um 1000 manns. En umhverfið er skemmtilegt og falllegt að sjá fjöllin allt um kring. Hið daglega líf er svipað og í Belgíu en þó eru sumir hlutir öðruvísi. Hugsunarhátturinn er oft ólíkur því sem gerist heima og allt er miklu einfaldara hér.

Anita: Íslendingar eru eins og ein stór fjölskylda, allir vita allt um alla. Allt landið er eins og einn smábær. Landið er mun frjálshlegra heldur en Þýskaland. Konurnar hérna eru líka mjög sjálfstæðar og reiða sig ekki á karlana. Mér finnst Íslendingar vinna rosalega mikið. Svo er mikið af börnum hérna. Í heimalandi mínu eignast fólk eitt til tvö börn og stundum engin. Á vetur þegar myrkríð er sofa Íslendingar mikið en þegar sólin kemur er eins og lífið fari í gang. Yfir vetrartímann er mikið um geðvonsku og þungt skap en á sumrin eru allir glaðir.

– Völduð þið Vestfirði eða fenguð þið engu um það ráðið?

Anita: Við fengum bara að velja landið. Ég vildi ekki fara til Reykjavíkur en var alveg



Anneleen Neuts og Anita Jaußen.

– spjallað við tvær stúlkur sem eru skiptinemar á Vestfjörðum

til í að fara til Akureyrar eða á Norðurland. Þegar ég fékk sent kort af því hvert ég var að fara og sá bara punkta sem merktu bæina og svo ekkert á milli, þá runnu á mig tvær grímur. Ég hugsaði með mér að ég væri að fara á hjara veraldar [kímur].

Anna: Ég hafði heyrt að flestir byggju í Reykjavík og allir skiptinemar færu þangað.

Þegar ég frétti að ég væri að fara til Bolungarvíkur leitaði ég á korti hvar hana væri að finna. Ég fann engan stað á Suðurlandi sem hét þessu nafni og leitaði út um allt þar til ég fann hana. Ég er mjög ánægð að búa ekki í Reykjavík því þar er algenget skiptinemar umgangist bara aðra skiptinema og kynnist því ekki Íslendingum. Hérna var ekki um

annað að ræða en að kynna Íslensku fólki. Við Anita erum einu skiptinemarnir á Vestfjörðum í ár.

Anita: Maður fékk að kynna Íslenskri menningu sem er nú svolítið blönduð bandarískri menningu.

– Voru það ekki viðbrigði að koma til Íslands þar sem er myrkur meiripart vetrar og albjart á sumrin?

Anna: Það var erfitt að venjast myrkrinu en mér fannst svo gaman að það var svona mikill snjór. Ég hafði aldrei séð svona mikinn snjó og skemmti mér vel við að hoppa niður af húspökum, fara á snjóbretti og skíði.

Anita: Mér leið ekki vel í myrkrinu og það var erfðasti tíminn. En mig langaði þó aldrei heim og þegar sólin kom

Ór

upp fór allt í gang hjá mér.

Íslendingar með mikið þjóðarstolt

– Er íslenska skólakerfið mjög ólíkt því sem er í heimalöndum ykkar?

Anna: Íslenska skólakerfið er mun frjálarsara því þú getur valið hvaða fög þú vilt læra. Í Þýskalandi er þetta allt í föstum skorðum. Hér ertu líka að læra margt sem þú getur nýtt þér seinna í lífinu, svo sem matreiðslu og dans. Það finnst mér mjög skemmtilegt. Heima eru margs konar menntaskólar en í mínum skóla var maður bara að læra latínu, stærðfræði og annað sem var meira til að æfa heilann en ekki sem maður gat notað í hinu daglega lífi.

Anna: Í skólanum sem ég var í var kennsla frá kl. 9 á morgnana til kl. 16 á daginn. Hér er maður oft í eyðum og getur skrúpað. Það hefði sko ekki verið hægt í Belgíu og heldur ekki að fá að fara á klósettíð í miðjum tíma. Einnig er mikið um að vera í félagslífinu í MÍ. Það er borðaður þorramatur í skólanum, þar er Sólrísvíka og busavíka, ýmsar uppákomur í frímínútum og svo mætti lengi telja. Það var ekki boðið upp á neitt svoléiðis heima. Ef við vildum skemmta okkur áttum við að gera það í frítíma okkar.

– Finnst ykkur Íslendingar skemmta sér öðruvísi en landar ykkar?

Anna: Íslendingum finnst gaman að vera fullir. Hér koma mun færri saman til að skemmta sér en mikið um að hljómsveitir séu að spila. Aftur á móti í Þýskalandi eru miklu fleiri sem koma saman og þá er bara DJ sem sér um tónlistina.

Anna: Það sama gildir í Belgíu. Á Íslandi byrjar ballíð ekki fyrr en kl. 23 og er svo búíð kl. 3 um nóttina. Þá er fólk búíð að vera í partíum og fer svo kannski líka í partí eftir ball. Heima byrjar það kl. 21 og fólk mætir um tveimur tímum síðar og er á staðnum alveg þangað til það fer heim kl. 5 um nóttina.

– Hvað finnst ykkur skemmtilegast við félagslífið á Ísafirði?

Anna: Mér finnst þessi stemning sem er yfir öllu svo skemmtileg. Þú þarft ekkert að skipuleggja neitt fram í tímann heldur gerir bara það sem þig langar til. Þú getur hringt í vin þinn með engum fyrirvara og beðið hann um að koma út, eða farið í heimsókn ef þér leiðist. Mér fannst líka mikil upplifun að vera á söngkeppni framhaldsskólanna. Það voru allir svo jákvæðir og stoltir af fulltrúum skóla sinna.

Ég hef tekið eftir því að Íslendingar hafa mikið þjóðarstolt.

Anna: Ég æfði körfubolta með KFÍ og fannst það mjög skemmtilegt. Og það er gaman að geta farið út og hitta alltaf einhvern sem maður þekkir. Þó hafir ekki gert neinar áætlanir fyrir kvöldið, þá gæti maður samt verið í partí nokkrum klukkutímum seinna að skemmta sér.

– Hvernig finnst ykkur íslenskir karlmenn?

Anna: Margir hafa spurt mig hvort íslensku strákarnir séu ekki sætari en þeir belgísku. Ég get sagt að flestir strákar hérna, þó ekki allir, eru sætir og skemmtilegir en mjög ólíkir belgískum strákum.

Anna: Heima voru strákar jafnt sem stelpur vinir manns en hér er strákum og stelpum meira skipt niður í hópa.

Anna: Í Belgíu átti ég oft á tíðum fleiri vini en vinkonur en á Íslandi hef ég mest umhengist stelpur. Ef ég talaði við strák, til dæmis á balli, fóru allir strax að spyrja hvort ég væri hrifin af honum eða hvort eitthvað væri á milli okkar. Það fannst mér mjög skrítið.

Anna: Það er mikið slúður á Íslandi. Þó ekkert sé í gangi getur farið af stað kjaftasaga sem allir fréttu. Heima var einnig slúður að er það var bara innan vinahópsins en ekki allir sem vissu um manns hag.

Heimsókn hjá forseta Íslands

– Hafid þið séð mikið af landinu?

Anna: Já, við höfum náð að ferðast aðeins um. Við fórum í menningarferð um Reykjavík með öðrum skiptinimum og einnig til Þingvalla. Þá heimsóttum við Bessastaði og hittum Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands.

Anna: Það finnst mér dæmigert fyrir Ísland – hver sem er mátti koma inn á heimili forsetans, engin vopnaleyti eða neitt. Hann var bara venjulegur maður en ekkert yfir aðra hafinn. Hvort sem maður væri bóndi eða þingmaður mundi hann spjalla við mann. Það er engin stéttaskipting, allir eru bara Íslendingar.

Anna: Það var líka mjög gaman að hitta hina skiptinimana þar sem við gátum talað saman um hvað Íslendingar eru skrítnir!

– Hvers saknið þið mest frá fæðurlandinu?

Anna: Fyrir utan fjölskyldunnar og vinina sakna ég mest hve samgöngurnar eru auðveldari í Þýskalandi. Mér fannst oft mjög þurrandi að vera föst á sama stað. Mig

langaði að fara burt og skoða aðra staði. En hér eru engar lestir, ég má ekki fara á puttunum og skiptinemar mega ekki keyra. Það var mjög erfitt.

Anna: Í vetur þegar Óshlíðin var lokuð var ég algjörlega innikróuð í Bolungarvík. Það var skrítn upplifun. Heima get ég tekið lest eða strætó yfir til næsta stórbæjar eins og ekkert sé. En hér er maður sjö tíma að keyra til Reykjavíkur.

– Hvernig finnst ykkur íslenskur matur?

Anna: Ég smakkaði nú þorramat en ég vildi ekki borða þennan mat á hverjum degi. Harðfiskur og rúgbrauð finnst mér mjög gott og ég elska skyr. Þá finnst mér Íslendingar borða alltof mikið af kjöti en íslenska lambakjötið er mjög gott. Mér finnst íslenskt nammi líka mjög gott.

Anna: Mömmu minni í Bolungarvík finnst íslenskur matur mjög góður og hann er oft á borðum heima. Harðfiskur finnst mér mjög góður. Fyrst þegar ég smakkaði hákarl var hann mjög sterkur og ég tók of stóran bita. Í annað sinn var það betra. Ég smakkaði líka svið en mér fannst ekki gaman að láta kind horfa á mig á meðan ég var að borða hana. Mér finnst allt í lagi að borða skötu og hangikjöt.

– Hvað metið þið mest við dvöl ykkar á Íslandi?

Anna: Þó það hafi verið erfitt að fara að heiman til nýs lands, þá hefur það hjálpað mér mikið að þroskast. Það gefur manni mikið að geta staðið á eigin fótum. Ég mæli með því við alla að gerast skiptinemar. Það hefur verið mjög góð reynsla.

Anna: Mig langar ekki að fara heim því það er svo margt sem ég á eftir að gera. Ég væri alveg til í að flytja hingað en það kemur bara í ljós hvað verður úr því. Ég mun allavega koma hingað aftur í heimsókn.

Anna: Eitt ár er langur tími að margra mati en á þeim tíma kemst maður ekki yfir að sjá og gera allt sem mann langar til að gera. Það væri gaman líka að hitta þá vini sem maður hefur kynnst hérna eftir nokkur ár. Ég á örugglega eftir að heimsækja Ísland aftur og þá langar mig til að skoða Austurland sem ég hef ekki séð.

Anna: Núna finnst mér ég ekki bara eiga heima í Belgíu heldur líka á Íslandi. Nú á ég tvö heimalönd.

Stúlkurnar hafa náð að aðlagast lífinu mjög vel á Íslandi. Hver veit nema þær eigi eftir að setjast hér að seinna meir. Eitt er víst að þær munu snúa aftur til heimkynna sinna með fjölda skemmtilegra minninga um Ísland í farteskúni.

– thelma@bb.is


ÍSAFJARÐARBÆR

Dagskrá

hátíðahalda þann 17. júní 2005 í Ísafjarðarbæ

MORGUNDAGSKRÁ

09:30 Dongveði við Sundahöfn. Spjórmaðr Guðjón Þorsteinsson.

10:00 Sögunrit um Ísafjörð með leikþátt Þorsteins Jóhannessonar. Salmat verður saman á Sifurtorgi.

HÁTÍÐARDAGSKRÁ

13:30 Síndöganga frá Sifurtorg að hátíðarvæðinu við Salmahúsið Eyrtartúni. Lúðraveit Tónlistarskólans fer fyrir göngunni.

14:00 Hátíðin sett á Eyrtartúni.

14:05 Sunnuakórinn á Salmahúsið syngur.

14:15 Ávarp fjálfóna.

14:25 Þjóðsöngurinn.

14:30 Hátíðarveði.

14:45 Leikrit, tónlist og fleri undir stjórn Elíars Loga Hannessonar. Salmat verður á hátíðarvæðinu boðið upp á leiki og gleði fyrir yngri kynslóðina á meðan á dagskrá standur. Hestamenn verða með hesta á sínum stað að vona.

16:30 Ámtið dagskrárlok á hátíðarvæði við Salmahúsið Eyrtartúni.

KVÖLDDAGSKRÁ

20:30 Dansleikur á Sifurtorgi. Fram koma hljómsveitir og söngvarar. Danssýning frá dansskóla Evu.

23:00 Dagskrárlok 17. júní 2005

Suðureyri 17. júní 2005

Villavangshlaup frá Keif út á Suðureyri kl. 11:00

Pingeyri 17. júní 2005

10:00 Gróðursetning við tjaldvæðið á Pingeyrasóða.

20:00 Söngvarstjappni Höfnungu í Niðargömlinu.

Önundarfjörður 18. júní 2005

Villavangshlaup frá Holti í Önundarfirði kl. 14:00

Sjáumst 17. júní

Venju- legur vinnu- dagur hjá Jóa Badda



– blaðamaður BB fylgdi flugmanninum Jóhannesi Bjarna Guðmundssyni til Kaupmannahafnar og til baka.

Það getur ekki verið auðvelt að búa á Ísafirði og vinna í Keflavík. Það hlýtur að vera svolítið strembið að þurfa að ferðast hundruðir kílómetra til að komast heiman frá sér í vinnuna. Þetta gerir þó Hnífsdælingurinn Jóhannes Bjarni Guðmundsson og segir marga kosti við þetta fyrirkomulag, þó að vísu séu ókostirnir líka nokkrir. Blaðamaður Bæjarins besta fékk í boði Flugleiða að fylgja Jóhannesi Bjarna, eða Jóa Badda eins og hann er alltaf kallaður, til Reykjavíkur, þaðan til Keflavíkur, út til Kaupmannahafnar og til baka.

Myndaður við morgunverkin

Það er furðulegt að nokkur einstaklingur skuli nenna að vakna klukkan hálf fimm á morgnana til að fara í vinnuna. Í það minnsta þótti undirrituðum það svolítið skrítið og ætlað að reyna að forðast það í framtíðinni.

Tekið var hús á Jóa Badda í Álfheimunum í Reykjavík. Þar býr móðursystir hans og Jói gistir hjá henni milli fluga. Þegar að var komið var Jóa Baddi að skrifa úr sturtu, búinn að strauja og pressa einkennisbúninginn sem eðlilega verður alltaf að líta vel út.

Miðað við aðstæður þótti blaðamanni sem Jói tæki þess-

ari innrás ágætlega, enda geðþekkur maður sem kippir sér ekki upp við að vera myndaður í gríð og erg við morgunverkin.

Skipulagið gríðarlegt

Þegar Jói Baddi hafði klárað morgunkornið og klætt sig í einkennisbúninginn var haldið úr húsi. Áhafnir á vélum Flugleiða koma saman í herbergi á Hótel Loftleiðum. Þar spjallar fólkið saman yfir kaffibolla og spyr hvert annað hvert verið sé að fara, skoða bókarnir í þær vélar sem á að fljúga og svo framvegis.

Rútur fara á 5-10 mínútna fresti á morgnana og segir Jói Baddi að nákvæmni og stundvísni sé hálf óhugnanleg.

„Þannig er meira og minna

öllu háttáð hérna. Skipulagið er gríðarlegt og ég öfunda ekki þá sem þurfa að sjá um það. Oft hafa þeir sem skipuleggja flugin unnið ótrúlegustu þrekvirki. Það þarf ekki nema einni vél að seinka til að allt skipulagið riðlist og þá er mikið þúsluspil að koma öllu í rétt horf aftur. Ég skil oft ekki hvernig þeir fara að því, en það virðist alltaf takast.“

Veður með besta móti

Áhöfnin á vélinni til Kaupmannahafnar tók 06:10 rútna frá Hótel Loftleiðum. Stoppað var í Garðabæ til að ná í fleiri áhafnarmedlimi og vakti það athygli blaðamanns hversu hátt hlutfall starfsmanna virðist búa þar í bæ.

Á leiðinni til Keflavíkur nýttu margir tækifærið til að hrista af sér morgunhrollinn. Aðrir fengu sér krúu og enn aðrir nutu útsýnisins sem var ótrúlega falllegt á þessum miðvikudagsmorgni í maí. Veður var með besta móti, hægur vindur og léltskýjað.

Vélin skoðuð í þaula

Þegar rútan renndi í hlað við flugstöð Leifs Eiríkssonar beindu lögreglumenn ferðalöngum rétta leið. Ástæða þessa var sú að forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, var mættur á svæðið. Að vísu var hann ekki að fljúga til Kaupmannahafnar.

Jói Baddi fór ásamt öðrum starfsmönnum í gegnum sérstakan inngang fyrir áhafnir en blaðamaður fór með al-



Jói Baddi lét sér ekki bregða þó hann væri myndaður í gríð og erg yfir morgunkorninu.

menningi í gegnum hefðbundna öryggisskoðun eftir að hafa mælt sér mót við Jóa við hlið 1 tíu mínútum síðar.

Það fyrsta sem þurfti að gera var að skoða vélina því eins og í öllu öðru flugi bera flugmennirnir ábyrgð á því að allt sé í stakasta lagi með farkostinn. Jói gekk um vélna og skoðaði þrýstingsskynjara sem eru allnokkrir. Þá var litið inn í hreyfla vélarinnar og athugað með hjólabúnað og jafnþrýstibúnað svo fátt eitt sé nefnt. Í þetta skipti var veður næstum óaðfinnanlegt en ekki er Jói öfundsverður af því að þurfa að halda einkennisbúningnum hreinum og fínun þegar hann

skoðar flugvélna í roki og rigningu.

Ögn rýmri flugstjórnarklefi

Þegar búíð var að ganga úr skugga um að vélin væri í góðu lagi var haldið inn í flugstjórnarklefa. Þar var fyrir Hafþór Aðalsteinsson flugstjóri vélarinnar. Flugið var á nýrri Boeing 757-300 línu Flugfélagsins sem er 7 metrum lengri en 200 útgáfa þessara véla. Þar að auki er flugstjórnarklefi vélarinnar ögn rýmri en gengur og gerist og kunnir undirritaður vel að meta það, þar sem hann



Mikilvægt er að einkennisbúningurinn sé vel pressaður, enda veita snyrtilegir og frambærilegir flugmenn farþegum ákveðna öryggisstillingu.



Jói Baddi athugar hjólabúnað vélarinnar.



Jafnþrýstibúnaðurinn er mikilvægur þegar flugið er í 33 þúsund feta hæð.



Hafþór og Jói Baddi sinna skriffinnsku og afla heimilda fyrir flugið.

er yfirleitt talinn með háfættari mönnum.

Þegar flugmennirnir höfðu farið yfir alla nauðsynlega skriffinnsku, fengið viðeigandi heimildir og þar fram eftir götunum, var vélinni ekið úr hlaði og mótorar hennar keyrðar upp.

33 þúsund fet

Einn kosturinn við að búa á Íslandi er að flugumferð, eins og í rauninni öll önnur umferð, er frekar lítil. Þó flestar vélar Flugleiða tækju á loft svo til á sama tíma, var ekki tímafrekt að aka vélinni til brautar. Í það minnsta tekur það enga stund miðað við marga aðra flugvelli í heiminum.

Tekið var á loft til norðurs og haldið sem leið lá yfir Kópavog, upp í 33 þúsund fet og meðfram Suðurlandi áleiðis til Danmerkur.

Þegar leiðin hafði verið mörkuð og farið var að hægja um hjá flugmönnum komu flugfreyjur með kaffi og með því í flugstjórnarklefanum. Yfir kaffibollanum fóru reynslu- og kjaftasögur að fljúga. Hafþór segir frá því þegar hann þurfti að fljúga til Kabul í Afganistan, stuttu eftir að landið var hernumið af Norðurbandalaginu og Bandaríkjamönnum. Segir hann að þegar ekið var af flugbrautinni var stór hópur manna á staðinu sem vélinni var vísað til. Fólkið virtist lítið æsa sig yfir því að þota væri að aka í staði og mjakaði sér í rólegheitum í burtu. Í ljós kom svo að þetta voru farþegarnir sem átti að ná í.

Flugfreyjur höfðu í nógu að snúast



Vélin snerti mjúklega í Kaupmannahöfn.

Auk Jóa Badda og Hafþórs voru í áhöfn vélarinnar flugfreyjurnar Steinunn Kristjánsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Sigurlín Jóna Baldursdóttir, Sigrún Björg Eyjólfssdóttir, Elín Ósk Jónsdóttir og Inga Fríða Guðbjörnsdóttir. Þó vélin væri ekki alveg fullsetin farþegum höfðu þær í nógu að snúast meira og minna allan tímann.

Sást til Færeyja aldrei þessu vant

Á leiðinni til Danmerkur var flugið yfir Færeyjar sem sást glittra örlítið í.

„Það er mjög óvenjulegt“, segir Jói Baddi. „Ég hef marg oft flugið hér yfir frá því að ég byrjaði hjá Flugleiðum og ég held að þetta sé í annað sinn sem ég sé eitthvað af eyjunum.“

Hafþór sem lék fótbolta á yngri árum segir að Jói Baddi hljóti þá að hafa verið óheppinn. Segist hann hafa tvö sumur leikið með knattspyrnuliðum í Færeyjum og hafi þá meira og minna verið söl allan tímann.

Hávaer vélrödd

Þegar flugið var lækkað í nágrenni Kastrup flugvallar í Kaupmannahöfn fóru flugmennirnir rækilega yfir tossalistanana og gæta að því að allt sé eins og það eigi að vera, hjólin niðri og þar fram eftir götunum. Jói Baddi sér um talstöðvarsamskipti við danska flugumferðarstjórann og stillir hæð vélarinnar eftir skipunum manna á jörðu niðri á meðan Hafþór flýgur.

Rétt áður en flugvélin snertir kallar vélrödd á flugmennina, óþarflega háum rómi að mati



Hafþór Aðalsteinsson og Jói Baddi í 33 þúsund fetum suðaustan við Ísland.

blaðamanns, og tilkynnir þeim að nú sé vélin í 50 feta hæð. Svo 40, 30, 20 og 10. Það kemur óvönnum á óvart hversu hátt vélin stendur, en hjólabúnaður hennar minnir helst á fætur vaðfugla.

Ekið eftir skipunum

Þegar ekið er eftir brautum Kastrupvallar hugsar maður með söknuði til einfaldleikans á Íslandi. Kastrup þykir ekki stór völlum í alþjóðlegum skilningi, en samt finnst manni sem það taki heila eilífið að aka í staði. Vélinni er ekið eftir skipunum vallarstjóra og kemur loks að hliðinu sem notað skal.

Heitt vegna vinnuverndarreglna

Það skal viðurkennast að það er svolítið skrítið að fara til útlanda til þess eins að fara strax til baka. Einungis gafst um hálf tími á Kastrupflugvelli sem allur fór í örvæntingafulla leit að danskri skinku. Leitinn gekk ekki sem skildi og skinkulaus fór blaðamaður aftur til vélar.

Þar sátu flugmennirnir sem fastast, búnir að fá eldsneyti til ferðarinnar til Íslands. Jói Baddi hafði „plottað“ leiðina til baka inn í flugtölvu og áhöfn vélarinnar var ekkert að vanbúnaði. Smávægileg seinkun

varð þó vegna tafa við að afferma og hlaða vélina af vörum og farangri. Farþegar voru komnir inn í vélina og þótti helst til hlýtt þar inni. Jói Baddi útskýrir hvers vegna: „Samkvæmt dönskum vinnuverndarreglum megum við ekki kveikja á loftkælingunni fyrr en búid er að hlaða vélina. Hávaðinn af kælingunni er víst af mikill fyrir hlaðmennina.“

Eljusemi flugfreyjanna

Eftir flugtak á leiðinni til baka er blaðamanni boðið að tylla sér örlítið í farþegasæti í vélinni. Það var vel þegið,

enda er aukasætið í flugstjórnarklefanum ekki beinlínis hannað með þægindi í huga. Það eru farþegasætin aftur á móti og ekki spillir fyrir eljusemi flugfreyjanna sem bera heit handklæði, mat og drykk í farþegana.

Þegar búid var að rétta mestu hryggskekkjuna sem kom við að sitja í aukasætinu var aftur snúid í flugstjórnarklefanum þar sem Jóhannes og Hafþór spjölluðu um reynslu sína af leiguflugum hingað og þangað um heiminn. Meðal flugmanna þykir það ágætis tilbreyting að fljúga á nýja staði, sérstaklega ef þeir eru framandi.

framhald á næstu síðu.



Jói Baddi sá um flugið á heimleiðinni.



Áhöfn vélarinnar samanstóð af Hafþóri Aðalsteinssyni, Jóhannesi Bjarna Guðmundssyni, Steinunni Kristjánsdóttur, Huldu Einarsdóttur, Sigurlínu Jónu Baldursdóttur, Sigrúnu Björgu Eyjólfssdóttur, Elínu Ósk Jónsdóttur og Ingu Fríðu Guðbjörnsdóttur.

Skemmtilegra sjónarhorn

Það var óneytanlega gaman að sjá glitta í Íslandsstrendur, sérstaklega með útsýni beint fram úr vélinni sem ekki býðst öllum farþegum. Lendingin í Keflavík gekk eins og í sögu, þægilegt aðflug, þægileg landing og sama röddin sem tjáði manni frekjulega að hæðin væri orðin lítil. Hafþór hafði séð um flugið og landinguna á leiðinni út en Jói Baddi sá um þessi mál á heimleiðinni, enda skipta menn þessum verkum yfirleitt jafnt á milli sín.

Þegar gengið var í gegnum græna tollhliðið með Jóa Badda var undirritaður hræddur um að draga saklausan manninn niður í svaðið með sér, en af einhverjum ástæðum hafa Íslenskir tollverðir alla tíð verið sérstaklega hrifnir af félagsskap þessa blaðamanns. Þeir létu þó gaumgæfilegt augnaráð duga að þessu sinni, enda eins gott þar sem vélin vestur til Ísafjarðar fór í loftið einum og hálfum tíma síðar.

Vont að komast ekki strax til fjölskyldunnar

Að þessari ferð lokinni hafði maður fengið innsýn inn í starf Jóhannesar Bjarna sem býr í nokkur hundruð kílómetra fjarlægð frá vinnustað sínum. Í rútunni frá Keflavík kemur það til tals



Jói Baddi undirbýr landingu á Keflavíkurflugvelli.

að Jói Baddi búi á Ísafirði. Reka þá nokkrar flugfreyjur upp stór augu og halda fyrst að verið sé að grínast.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti

og ábyggilega ekki það síðasta sem þetta gerist“, segir Jói. „Ég hef þurft að útskýra fyrir mörgum að það sé ekki algjör vitleysa að búa á Ísafirði.“

Á leiðinni til baka segir Jói að það versta við þetta fyrirkomulag er að komast ekki heim til fjölskyldunnar að vinnudegi loknum, eins og

flestir ef ekki allir hans starfsfélagar.

„Það er stærsti ókosturinn við þetta allt saman, að komast ekki heim til að knúsa krakk-

ana og konuna eftir vinnu. Kostirnir eru þó líka margir og enn sem komið er eru þeir fleiri en ókostirnir.“

—halfdan@bb.is



Segir ráðstefnuna hafa verið á heimsmælikvarða

Ísfröðingurinn Indriði Kristjánsson og eiginkona hans Carolyn Kristjánsson komu í heimsókn til gamla heima-bæjar Indriða fyrir skemmstu. Þau hafa síðustu árin búið í Kanada, heimalandi Carolyn, en komu hingað til lands til að taka þátt í ráðstefnu um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Bæði hafa þau reynslu í þessum efnum, en þó sérstaklega Carolyn sem er með doktorspróf í tungumálakennslu frá University of British Columbia og hefur stundað rannsóknir á samspili tungumálanáms og aðlögunar hjá innflytjendum í Kanada. Hún starfar nú sem prófessor við Trinity Western háskólann þar sem hún hefur m.a. verið að þróa nýtt efni og leiðbeina kennurum í fjarkennslu varðandi nýjar áherslur og tækni við ensku-

kennslu fyrir útlendinga.

Kynntust í smábæ í Kanada

Indriði og Carolyn kynntust fyrst í smábæ á vesturströnd Kanada árið 1980 þegar Indriði var þar í stuttri heimsókn. Rúmu ári síðar kom Carolyn til Íslands í fyrsta sinn ásamt hópi Kanadamanna í boði íslensku Hvítasunnuhreyfingarinnar. Tilgangur ferðarinnar var m.a. að vinna í nokkra mánuði á staðnum. Það sumar vann hún ásamt nokkrum löndum sínum í fiski í Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal.

Undanfarin ár hafa þau hjónin þó búið og starfað í Kanada.

„Ég hef aðallega fengist við þrenns konar störf að undan-

förnu“, segir Indriði. „Fyrst má nefna kristilega félagsþjónustu þar sem við aðstoðum fólk úti í bæ með alls konar þarfir, félagslegar, fjárhagslegar og andlegar. Við hjálpum líka fólki sem þarf á meðferð að halda. Í öðru lagi starfa ég sem einstaklings- og fjölskylduráðgjafi og síðast en ekki síst þá hef ég umsjón með alþjóðlegu hjálparstarfi þar sem við m.a. flytjum hjálpargögn til annarra landa ekki ósvipað því sem Hjálparstofnun kirkjunnar gerir.“

Komu vestur á ráðstefnu

„Ástæðan fyrir komu okkar til Ísafjarðar fyrir skömmu var fyrst og fremst sú að Smári Haraldsson forstöðumaður

Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hafði samband við okkur og þá aðallega Carolyn til að bjóða henni að flytja erindi á ráðstefnu sem hann var með í smíðum. Þessi ráðstefna bar heitið „Íslendingar eru allir íslenskukennarar“ og var henni ætlað að fjalla um málefni nýbúa í dreifbýli og hvernig stuðla má að því að þeir aðlagist betur og læri málið.“

Ráðstefnan sem haldin var í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði, þann 22. apríl síðastliðinn var vel sótt, þótti ákaflega vel heppnuð í alla staði og til mikils sóma fyrir þá sem að henni stóðu.

„Þó svo að ráðstefnan hafi ekki verið stór á erlenda vísu þá var hún á heimsmælikvarða hvað efnisval og gæði varðar“, segir Carolyn. „Hún stóð fyllilega undir þeim væntingum

sem til slíkra ráðstefna eru gerðar.“

Merkilegt starf í Fræðslumiðstöðinni

Indriði tekur heilshugar undir þessar fullyrðingar konu sinnar.

„Okkur Carolyn fannst þessi ráðstefna takast alveg frábærliga vel, enda var vel að henni staðið á allan hátt og hún til mikils sóma fyrir heimamenn. Okkur sýnist að hér sé á ferðinni einstakt tækifæri fyrir Ísafjörð að marka ný spor á þessu sviði, ekki aðeins fyrir bæjarfélagið, heldur einnig landið í heild.“

Á meðan við hjónin vorum fyrir vestan gafst okkur einnig tækifæri til að kynna okkur Fræðslumiðstöð Vestfjarða og

þá starfsemi sem þar fer fram. Ekki sáum við annað en að sú starfsemi sé rekin með miklum dugnaði og myndarskap og okkur fannst sérstaklega gaman að kynna þeirri víðsýni og metnaði sem forstöðumaðurinn Smári Haraldsson og hans samstarfsmenn hafa fyrir starfsemi sinni. Vonandi gefa heimamenn starfinu góðan gaum og gæta vel að því athyglisverða brautryðjendastarfi sem þarna fer fram og þeim sem því stýra. Þetta á kannski vel við einmitt nú þegar rætt er um að setja á stöfn háskólasetur á Ísafirði. Hver væri þá betur fær um að stýra því en einmitt sá sem unnið hefur hvað ötullagast að uppbyggingu Fræðslumiðstöðvarinnar?“

– halfdan@bb.is

Ferðapjónusta á Vestfjörðum

„Vilji meðal manna til að fastar verði tekið á hlutunum“



Menn tóku þátt í opnum umræðum á fundinum.

Góð mæting var á fund um ferðapjónustu á Vestfjörðum á vegum Ferðamálaráðs Íslands og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða í Þróunarsetrinu á Ísafirði í síðustu viku. Fyrirlesarar voru Einar Kristinn Guðfínnsson, alþingismaður og formaður ferðamálaráðs, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, Ársell Harðarson markaðsstjóri Ferðamálaráðs og Aðalsteinn Óskarsson,

framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem jafnframt var fundarstjóri.

„Þetta var góður fundur og mikil þátttaka í opnum umræðum sýndi að andi er í mönnum og vilji til að fastar sé tekið á hlutunum“, segir Aðalsteinn. Á fundinum kom fram að þrátt fyrir fjölgun ferðamanna til Vestfjarða er aukningin ekki á við aðra landshluta. „Fram hefur komið

í viðhorfskönnunum að Vestfirðir standa upp úr en við verðum að gera betur til að ná fólkinu alla leið“, segir Aðalsteinn.

Einnig var Markaðsskrifstofa Vestfjarða meðal umfjöllunarefna en unnið er að stofnun hennar og standa vonir til að hún muni líta dagsins ljós á næstu mánuðum.

—thelma@bb.is

Tillögur þingmanns Framsóknarflokksins ganga þvert á stefnu Framsóknarflokksins



Sigurjón Þórðarson.

Það er athyglisvert að lesa nýlegt stórkóngaviðtal við Kristinn H. Gunnarsson í BB

og 6 tillögur hans í nýlegum pistli um sjávarútvegsmál. Ekki ber á öðru en að þingmaðurinn taki í meginatriðum undir málflutning okkar í Frjálslynda flokknum um að kvótakerfið eigi heima á haugunum.

Þingmaður kvótaflokksins gefur kvótakerfinu algjöra falleinkunn en Framsóknarflokkurinn hefur barist fyrir því með oddi og egg síðustu 20 árin.

Nú er það svo að við í Frjálslynda flokknum getum tekið undir að ýmsar tillögur sem Kristinn lagði fram til að rétta hlut sjávarbyggðanna. Raunveruleikinn er sá að félagar Kristins í þingflokki

Framsóknarflokksins geta hins vegar ekki stutt eina einustu tillögu og ef marka má nýleg og undarleg ummæli ungrar og þingkonu flokksins, þá er Kristinn H Gunnarsson talinn eitthvað vandamál. Þingmenn Framsóknarflokksins hafa lýst yfir andstöðu við að tengja veiðiréttinn byggðunum, en sem dæmi má nefna að það telur ráðherra byggðamála Valgerður Sverrisdóttir, vera eitthvert ómerkilegt byggðaföndur, á heimasíðu sinni. Einnig hafa heyrst þær raddir úr herbúðum kvótaflokks Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins að það að tengja veiðiréttinn byggðunum sé mismunur þ.e. að færa veiði-

réttinn frá handhöfum kvótans til byggða, þar sem veiðirétturinn hefur verið seldur í burtu. Minna fer fyrir áhyggjum Framsóknarmanna af því óréttlæti sem íbúar sjávarbyggðanna verða fyrir þegar atvinnaréttur byggðanna er seldur í burtu og fasteignir gerðar verðlausar.

Kristinn horfist í augu við afleiðingar eigin verka

Það er gott til þess að vita að Kristinn sé loksins farinn að átta sig á afleiðingum, vöndrar stefnu Framsóknarflokksins í sjávarútvegsmálum

sem hann hefur stutt hingað til.

Það verður fróðlegt að fylgjast með hvort Kristinn H. Gunnarsson fylgi eftir skoðunum sínum og tillögum í sjávarútvegsmálum á Alþingi. Satt best að segja þá kæmi það mér á óvart, þar sem hann hefur hingað til óhikað stutt tillögur sem hafa gengið út á að festa kvótakerfið í sessi og gengið þvert á hagsmuni sjávarbyggðanna. Skemmst er að minnst þess þegar Kristinn

H Gunnarsson greiddi atkvæði sitt með því að setja handfæratrillur í kvótakerfi þvert á fyrri yfirlýsingar.

Einnig má minna á að Kristinn studdi ríkisstjórn sem veitti sjávarbyggðunum á Vestfjörðum þungt högg þegar aukategundir s.s. ýsa og steinbítur voru settar í kvóta.

Lengi skal maðurinn reyna.

Sigurjón Þórðarson
þingmaður Frjálslynda flokksins

Gleðilega þjóðhátíð!

● Sælkeri vikunnar · Pálfríður Ása Vilhjálmsdóttir á Flateyri

Pönnusteikt keila og ostakaka

Sælkeri vikunnar segir að eftir djarflega áskorun frá Láru Thor, hafi hún ákveðið að leggja fram tvær uppskriftir, pönnusteikta keilu og ostaköku. Pálfríður mælir með að keilan sé borin fram með grænu salati og nýjum soðnum kartöflum. Þá segir hún að hægt sé að nota gamlar kartöflur ef nýjar eru ekki til, svo fremi að þið ætlið ekki að borða þetta sjálf.

Pönnusteikt keila

Hráefnið.
400. gr. roð- og beinlaus fiskur (Keila).
3 msk. söxuð græn epli.
3 msk. sneiddur rauðlaukur.
1 til 2 tsk. karrý.
1 til 2 rif saxaður hvítlaukur
½ tsk. timian

1 dl. fisksoð.
1 dl. mysa.
1 dl. rjómi.
Salt og pipar eftir smekk.

Veltið fiskinum upp úr heilheiti, sem kryddað er með salti, pipar og örliu karrý. Steikið gullbrúnt í smjöri eða olíu. Haldið fiskinum heitum meðan sósan er löguð. Bætið smjöri á pönnuna, um það bil einni matskeið og brennið karrýið aðeins í því. Setjið svo eplin og laukinn út í. Sjóðið upp með fisksoði og mysu í u.þ.b. 3 til 4 mínútur. Jafnið með rjóma og bragðbætið með salti og pipar.

Ostakaka sem ekki þarf að baka

Botninn
200 gr. mulið kex (t.d. gróft

hafrakex)
5 msk. sykur.
1 tsk kanill.
75 gr. brætt smjör.

Ostakremið
200 gr. rjómaostur.
5 blöð matarlím.
6 msk sykur.
2 eggjarauður.
2 eggjahvítur (þeyttar)
1 peli rjómi.
Rifinn börkur af ½ sítrónu.

Skreyting
Ferskjur, vínber, jarðarber eða mandarínur eftir smekk.

Blandið saman muldu kexinu, sykri og kanil og látið brætt smjórið saman við. Hringur af formi (án botns) látinn á diskinn sem kakan á að berast fram á. Setjið kexdeigið innan í hringinn og vel að köntunum. Leggið matar-



límið í bleyti í kalt vatn og bræðið síðan. Hrærið rjómaostinn með eggjarauðunum og sykrunum. Þeytið rjómann sem og eggjahvíturarnar (hvort í sínu lagi). Látið matarlímið í ostakremið og bætið síðast þeytta

rjómanum og eggjahvítunum út í. Látið kremið í hringinn yfir kexdeigið. Látið stfna áður en kakan er skreytt með ferskum eða niðursoðnum ávöxtum eftir smekk hvers og eins. Takið ekki hringinn af

fyrir en kakan er borin fram. Ég vil nota tækifærið og skora á Guðrúnu Pálsdóttur, úrgerðarspekúlant á Flateyri, að færa okkur góða uppskrift af línuvilmun þessa árs.

Grunnskólinn á Ísafirði

Skrifað undir vegna hönnunar viðbyggingar



Skrifað undir samninginn.

Á fimmtudag var í sal Grunnskólans á Ísafirði skrifað undir samning um hönnun viðbyggingar 2. áfanga í húsnæðisuppbyggingu skólans. Samið var við Arkiteo ehf. um hönnunina og er gert ráð fyrir því að kostnaður við hana verði samkvæmt samningnum rúmar 24,9 milljónir króna. Einnig var samið við

Tæknipjónustu Vestfjarða um hönnun á burðarvirki, lögnum og brunahönnun sama áfanga og er hönnunarkostnaður áætlaður rúmar 12,7 milljónir króna. Áfangi sá er þarna um ræðir er um 1.800 fermetrar að stærð á tveimur hæðum.

-halfdan@bb.is

Skipbrotsmenn af Agli rauða og björgunarmenn

Hittast í fyrsta skipti í 50 ár

Eftirlifandi íslenskir skipbrotsmenn af togaranum Agli rauða sem strandaði undir Grænuhlíð fyrir 50 árum og björgunarmenn þeirra hafa ákveðið að koma saman á Ísafirði síðar í mánuðinum og sigla saman að Sléttu og ganga þaðan að strandstaðnum.

Það var 26. janúar 1955 sem togarinn, sem var frá Neskaupstað, strandaði en þá geisadi hið versta veður úr norðaustri. Hafði togarinn ásamt fleiri skipum leitað vars undir hlífinni. Um borð voru 34 menn og tókst daginn eftir að bjarga 29 þeirra en fimm fórust. Mönnunum var bjargað af sjó og frá landi. Björgun mannanna þótti mikið afrek.

Í kjölfar umfjöllunar í síðasta júlblaði BB kom upp sú hugmynd að ná saman þeim mönnum sem björguðust og þeim sem tóku þátt í björgunarafrekinu frá Ísafirði og úr áhöfninni af togaranum Austfirðingi. Meðal skipverja á Agli voru nokkrir Færeyingar. Tveir Íslendingar eru eftirlifandi úr áhöfn togarans, þeir Guðmundur Arason bátmaður og Axel Óskarsson lofskeytamaður. Einnig eru nokkrir björgunarmannanna



Egill rauði á strandstað.

enn á lífi.

Að undanförmu hefur Magni Kristjánsson skipstjóri í Neskaupstað og Guðmundur Halldórsson skipstjóri í Bolungarvík unnið að því að ná mönnum saman og er nú ákveðið að þeir hittast á Ísafirði 25. júní. Væntanlega verður siglt með björgunarskipinu Gunnari Friðrikssyni til Sléttu og einhverjir hafa hugsað sér að ganga að strandstaðnum.

Guðmundur Arason sagði í samtali við bb.is að hann kæmi vestur ef hann yrði uppstand-

andi. „Ég hef lengi ætlað að fara á Sléttu og labba að strandstaðnum og nú er komið að því, 50 árum síðar. Nú er víst ekkert eftir nema ketillinn“, segir Guðmundur. Hann segir skipsfélaga sinn Axel Óskarsson einnig ætla að koma vestur. „Hann ætlar einnig að labba þessa leið sem við löbbum á sínum tíma en án efa verða aðstæður betri nú en þær voru þennan vetrardag fyrir 50 árum“, segir Guðmundur sem nú býr í Hveragerði.

Þess má geta að bæjarstjórn Fjarðarbyggðar ákvað fyrir skömmu að reisa minnisvarða á Neskaupstað til þess að minnast þessa björgunarfrelks.

Umfjöllunina um strand Egils rauða má finna í Vestfirska fróðleikshorninu á bb.is. Þar er sagt frá strandinu og rætt við Gísla Jónsson björgunarmann frá Ísafirði, Stein Jónsson björgunarmann af Austfirðingi og Guðmund Arason sem áður er nefndur.

-hj@bb.is

Róið umhverfis landið

Hreyfihamlaðir unglingar kvöddu Kjartan Hauksson



Þessi myndarlegi hópur lagði land undir fót til að kveðja Kjartan Hauksson. Mynd: Ungmennadeild RKÍ.

BUSL, hópur hreyfihamlaðra unglinga, ferðaðist frá Reykjavík til Bolungarvíkur til þess að kveðja Kjartan Hauksson sem lagði af stað í för umhverfis landið á árabát daginn fyrir sjómanna dag. BUSL er félagsstarf fyrir hreyfihamlaða unglinga þar sem sjálfbóaliðar frá Sjálfs-

björg og Ungmennadeild Reykjavíkurdeilda Rauða kross Íslands aðstoða unglingana við að halda utan um starfsemina. Markmið ferðar Kjartans er að vekja athygli á aðgengi fatlaðra í samfélaginu sem víða er verulega ábótavant, auk þess að safna áheutum í

Hjálparliðasjóð á vegum Sjálfsbjargar sem nú er tómur. Sjóðnum er ætlað að styrkja fatlaða til ferðalaga en tvöfaldur ferðakostnaður leggst oft á þá þar sem þeir þurfa aðstoðarmann með sér, svo nefndan hjálparliða.

-thelma@bb.is



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Einbýlishús

Ísafjarðarvegur 6, Hnifsdal: 112 m² gamalt einb. hús á tveimur hæðum. Verð 3,5 m.kr.

Bakkavegur 4b Hnifsdal: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppert ásamt nýrri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir: Sundstræti 29: 133 m² fimm herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Verð 3,0 m.kr.

Sundstræti 31 íbúð 1: 99 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara. Verð 4,5 m.kr.

Sundstræti 31 íbúð 2: 101 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara. Verð 3,7 m.kr.

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Silfurgata 6: fimm herbergja íbúð á 2. hæð ásamt geymslum í kjallara, samtals 212 m². Verð 8,2 m.kr.

3ja herbergja íbúðir: Túngata 21: 94 m² þriggja herbergja íbúð með 40 m² bílageymslu í þrjúbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrjúbýlishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gölfllötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Túngata 21: 94 m² 3ja herb. íbúð með 40 m² bílageymslu í þrjúbýlishúsi. Verð 7,5 m. kr

2ja herbergja íbúðir: Hlífl 1, íbúð 303: 60 m² tveggja til þriggja herbergja íbúð á Hlífl 1. Verð 6,1 m.kr.

Hlífl 1, íbúð 301: 57 m² tveggja til þriggja herbergja íbúð á Hlífl 1. Verð 6,0 m.kr

Eyrargata 3: 59 m² tveggja herbergja íbúð í þrjúbýlishúsi. Verð 3,5 m.kr.

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Atvinnuhúsnæði/ Fyrirtæki: Hrónnargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.

Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnar- svæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofu- aðstöðu. Tilboð óskast

Bolungarvík:

Vitastigur 1: Fullbúinn 243 m² veitingastaði á neðri hæð og 291 m² gistheimili á efri hæð. Tilboð óskast.

Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokkanarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum. Verð 20 m.kr.

Þingeyri: Aðalstræti 23: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. Verð 4,5 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Til sölu Subaru Legacy árg. 1993. uppl. í síma 8626061.

Hæhæ, ég er 14 ára stelpa sem er til í að passa barn undir 5 ára aldri alla virka daga eftir kl. 15:00 og um helgar (hef reynslu). Uppl. í síma 8669566.

Tveggja til þriggja herbergja íbúð óskast til leigu á Ísafirði. Reglusemi og skilvísunum greiðslum heitið. Uppl. í síma: 849 6063 (Stefán)

Hæ, hó Freyjur... Freyjurnar framsæknu óska gjaldkera félagsins GK til hamingju með 14. júní. Henni til heiðurs leggjum við 2.500.- inn á Ferðasjóð Freyjanna. Freyjur feti frammar... - Ló

Til sölu Suzuki Swift árg. '86. Góð vetrar- og sumardekk. Verð ódyrt. Selst með fullri skoðun. Uppl. í síma 456 4324 eða 846 7479.

Íbúð til leigu ca. 130fm, 4-5 herb. í miðbæ Ísafjarðar frá 1. sept. 2005. Uppl. í símu 456 3041 og 690 2202.

Til leigu er ca. 100fm trésmíða-verkstæði á Ísafirði. Uppl. í símu 456 3041 og 690 2202.

Foreldrar og forráðamenn barna! Kíkið í kjallaran þjá okkur þar sem fullt er af óskilamunum. Sundhöllinni.

Til sölu Nissan Terrano árg. '96. Uppl. í síma 896 2825.

Morrinn auglýsir eftir notuðum fötum og skóm. Verðum með móttöku fyrir utan sundhöllina fimmtudaginn 16. júní kl. 10-14. Birgitta sími 663 8455.

Til sölu Nissan Patrol 'rg. '98 ekinn 130 þús. Breyttur á 35" dekkjum. Verð 2,2 millj. Uppl. í síma 690 1515.

Óska eftir matarstól (t.d. Hókus-pökus), á sama stöðu fæst gefins páfagaukur og búr. Uppl. í síma 456 3355/862 4085.

Til sölu Fletcher Arrow Sport 150 bátur, 75 ha mótör, 2 mótörar í varahluti. Verð 600 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 867 6046 eða 692 6578.

Subaru Legacy árg. '93 til sölu, ekinn 174 þús. Verð 250 þús. Góður bíll. Uppl. í s. 896 2824.

Par óskar eftir 3ja herb. íbúð á leigu frá sept. Uppl. í síma 865 6440 eða 891 9263.

Til sölu Royal Junior golfsett á kerru. Tilvalið fyrir unga byrjendur. Uppl. í síma 897 6795.

Til sölu MMC L-300 árg. '88. Þokkalegur bíll. Fæst fyrir aðeins 50 þús. Uppl. í 899 5361.

Til sölu Isuzu CrewCap árg. '96, ekinn 189 þús. Breyttur fyrir 35", ýmsir aukahlutir. Uppl. í síma 820 6813.

Áætlunarsiglingar hafnar til Vigur

Fyrsta áætlunarferðin til eyjunnar Vigur í Ísafjarðardjúpi var farin á vegum Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar á föstudag. Vigur verði fjölsóttur ferðamannastaður í mörg ár ásamt Hornströndum og öðrum eyðibýggðum norðan Djúps.

Á sama tíma og lagt var af stað í fyrstu áætlunarsiglinguna í Vigur var starfsmannafélag Grunnskóla Ísafjarðar á leið á Hornstrandir í árlega vorferð.

„Við förum á hverju vori í gönguferð til Hornstranda og við hlökkum alltaf jafn mikið



Lagt af stað í fyrstu áætlunarferðina.

til“, sagði Jóna Benediksdóttir, fótspor göngugarpanna og kennari hjá GÍ. Óhætt má telja Vigurfaranna í sumar.

–thelma@bb.is

Góður gangur á Ísafjarðarflugvelli



Vinnuvélar á Ísafjarðarflugvelli.

Góður gangur er í framkvæmdum við stækkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar sem hófust fyrir rúmum mánuði síðan. „Þetta gengur ágætlega. Við erum að keyra í fylling meðfram flugbrautar-kantinum til að breikka öryggissvæðið“, segir Karl

Björnsson, verkstjóri hjá Fyllingu ehf. sem hefur verkið með höndum.

Öryggissvæðið verður lítið sem ekkert lengt af landfræðilegum ástæðum en verður breiðara að framkvæmdum loknum. Eins og sagt var frá á sínum tíma bauð Fylling ehf.

lægst í verkið, tæpar 54 milljónir króna eða einungis um 44% af kostnaðaráætlun. Þá bauð KNH ehf. rúmar 56 milljónir, Úlfar ehf. bauð tæpar 87 milljónir og Borgarverk bauð tæpar 135 milljónir og var hæsta tilboðið því um 150% herra en það lægsta.

Mótorhjólánámskeið



Í undirbúningi er að halda mótorhjólánámskeið ef næg þátttaka fæst. Þeir sem þegar hafa skráð sig eru vinsamlega beðnir um að staðfesta þátttöku.

Áhugasamir hafi samband við Mugga í síma 893 2988 eða Eggert Val í síma 893 4744.

Námsstyrkur til vestfirskra kvenna

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur. Tilgangur sjóðsins er að veita vestfirskum konum námsstyrki. Sjóðurinn styrkir nám á sviði menningar og lista hérlendis sem erlendis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Umsóknunum ásamt námsvottorðum, staðfestingu og upplýsingum um fyrirhugað nám sendist til undirritaðra.

Sigrún Guðmundsdóttir
Hjallavegi 23
400 Ísafjörður
sigrunogbiggi@simnet.is

Ólína Þorvarðardóttir
Menntaskólanum á Ísaf.
400 Ísafirði
olina@vi.is

Fermining í Ísafjarðarkirkju 17. júní kl. 11:00

Jón Kolbeinn Guðmundsson, Sæturni 7, 400 Ísafirði. Elísabet Gunnarsdóttir og Guðmundur Thoroddsen †.

Skeytasalan í Skátaheimilinu verður opin frá kl. 12-14.

STAKKUR SKRIFAR

Þjóðhátíðardagurinn 2005

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Komandi föstudag halda Íslendingar þjóðhátíð, en 17. júní var valinn til að stofna lýðveldi á Þingvöllum 1944 á miklum rigningardegi fyrir 61 ári. Saga lýðveldisins er vörðud átökum um afstöðu til erlendra ríkja, þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, nýsköpun í atvinnulífi, gengisfellingum, stórkostlegum framförum, bættri heilsu fólks og hin síðari ár gerbreyttum atvinnuháttum með aukinni stóriðju og fjölgun fólks sem er af erlendu bergi brotið, en lagt hefur okkur lið við að byggja upp. Meiri stöðugleiki hefur ríkt í efnahagsmálum undanfarin einn og hálfan áratug en nokkru sinni fyrir. Ekki eru allir sáttir við það sem hefur gerst með aukinni stóriðju og fækkun starfa í sjávarútvegi. Samfélagið á Íslandi hefur verið breytingum undirorpið alla tíð, en þær hafa verið stórstígari síðustu ár, en alla jafna.

Margir velja því fyrir sér hverja þýðingu sá háttur að halda þjóðhátíðardag hefur í nútímasamfélagi, þar sem flestir hafa allt til alls. Hve góð er almenn þekking á sögu lands og þjóðar og hver eru áhrif þess að menning margra annarra þjóða hefur rutt sér til rúms svo sem raun ber vitni? Margir eru þeirrar skoðunar að okkur væri hollt að þekkja betur til sögunnar en almennt tíðkast. Hraði nútímalífs er svo ör, að of margir sjá sér ekki færi til þess að staldra við og hyggja að hvert stefnin. Ungt fólk hefur nú fleiri tækifæri til að undirbúa sig undir framtíðina en nokkru sinni fyrir. Enda fjölgar háskólamenntuðu

fólki ört á Íslandi, þótt margir hverjir kjósi að leita til útlanda.

Okkur Íslendingum er brýnt, óháð rötum okkar og uppruna, að efla vitund um samfélagið og stuðla að því að veita öllum þegnum þjóðfélagsins færi á að njóta kosta og hæfileika sinna. Þjóðin er örmá á mælikvarða jarðarbúa allra og samt hugsum við stórt og leggjum í viking til þess að kaupa upp fyrirtæki á erlendri grund. Ferð Forseta Íslands til Kína í fararbroddi forystumanna viðskiptalífsins er nýlunda á lýðveldistímanum.

Stjórnsmál hafa og eru ef til vill að taka stórstígari breytingum en nokkurn tíma fyrir. Kastljósinu er beitt að því að örva efnahagslífið og vægi stjórnsmála-manna verður ef til vill minna fyrir vikið. En þeirra hlutverk er einmitt að skapa rammann sem gefur kost á því að hjól efnahagsins snúist greiðlega. Jóni Sigurðssyn, sem fæddist 17. júní 1811, hugnaðist sennilega sá kraftur sem verslunarfrelsi, er nú heitir viðskiptafrelsi, hefur leyst úr læðingi. Það er einmitt dagurinn hans sem við höldum hátíðlegan vegna þess mikla starfs sem hann lagði í frelsisbaráttu sinnar smáu íslensku þjóðar.

Við megum hins vegar ekki gleyma einstaklingnum og velferð hans á Íslandi, en margs konar flóknar reglur, sem við ráðum engu um, hafa gert okkur lífið bæði einfaldara og flóknara. Við skulum hins vegar muna að það er einfalt að gleðjast og það gerum við á þjóðhátíðardegi.

mannlífíð

Abendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
15. júní, 168. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1926 lögðu dönsku konungshjónin hornstein að Landsspítalabyggingunni, sem konur beittu sér fyrir í tilefni af kosningarétti sínum. Spítalinn var tekinn í notkun 20. desember 1930.

Pennan dag árið 1952 var byggðasafnið í Glaumbæ í Skagafirði opnað almenningi. Þar er stór torfbær sem haldið er við í upprunalegri mynd.

Pennan dag árið 1981 hlaut Garðar Cortes óperusöngvari bjartsýnisverðlaun Bróstes þegar þau voru veitt í fyrsta sinn. Verðlaunin eru veitt árlega.

Pennan dag árið 1987 var fyrsta uppboðið á fiskmarkaðinum í Hafnarfirði. Þótti þetta merk nýjung í sölu á ferskum fiski.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 61 ári



Ameríski sendiherrann flytur kveðjur frá Roosevelt

„Sendiherra Bandaríkjanna herra Louis G. Dreyfuss gekk í dag á fund ríkisstjóra og afhenti honum embættisskilríki sín. Ennfremur afhenti hann ríkisstjóra skilríki fyrir því, að hann verði sérstakur fulltrúi Bandaríkjaforseta, sem Ambassador ad hoc á lýðveldishátíðinni. [...]“

Við þetta tækifæri sagði Ambassadorinn þetta: „Það er mér mikill heiður að hafa verið útnefndur af hálfu forseta Bandaríkjanna til að leysa af hendi þetta virðulega starf í þann mund, er komið verður á lýðveldi á Íslandi, en það er mikill viðburður og þáttaskipti í sögu Íslands.“

Milli Íslands og Bandaríkjanna hefur verið vaxandi og söguleg samúð, sem hófst með samningnum 7. júlí 1941, og hefur órvast af sameiginlegum hagsmunum og gagnkvæmum ávinning.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og skúrir eða slydduél, en úrkomulítið á Norðurlandi. Hlýnandi veður.

Horfur á laugardag:

Vaxandi norðanátt og snjókoma eða éljagangur fyrir norðan en léttir til syðra. Kólnandi veður.

Horfur á sunnudag:

Vaxandi norðanátt og snjókoma eða éljagangur fyrir norðan en léttir til syðra. Kólnandi veður.

Horfur á mánudag:

Norðlægar áttir og kalt.

● Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með breyttan útsendingartíma Svæðisútvarps Vestfjarða?

Alls svöruðu 221. – Já sögðu 56 eða 25% – Nei sögðu 65 eða 29% – Alveg sama sögðu 100 eða 45%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar

Meira fyrir börnin á 17. júní

„Undirbúningur 17. júní hátíðarinnar er efst á baugi hjá mér núna. Það tekur alltaf töluverðan tíma að undirbúa slík hátíðarhöld og við byrjum snemma á vorin að huga að því. Í boði verður hefðbundin dagskrá. Sunnukórinn syngur nokkur lög, fjallkonan verður með ávarp og hátíðarræða flutt. Þá kemur Lína langskokkur í heimsókn og heilsar upp á

krakkana og tekur nokkur lög. Einnig koma félagarnir Hattur og Fattur til að skemmta viðverðan tíma að undirbúa slík hátíðarhöld og við byrjum snemma á vorin að huga að því. Í boði verður hefðbundin dagskrá. Sunnukórinn syngur nokkur lög, fjallkonan verður með ávarp og hátíðarræða flutt. Þá kemur Lína langskokkur í heimsókn og heilsar upp á

Um kvöldið verður svo skemmtun í Neðstakaupstað

þar sem hljómsveitir halda uppi stuðinu og Eva Friðbjófsdóttir verður með danssýningu.

Ég vona að allir eigi eftir að skemmta sér vel. Við leggjum aðeins meira í dagskrána í ár en við höfum áður gert og reynum að hafa meira sem höfðar til barnanna en auðvitað til fullorðna fólksins líka.“ sagði Inga S. Ólafsdóttir.



Skarphéðinn Ölver Sigurðsson, paragliderflugmaður gengur frá svífvængnum eftir gott svif.

Frelsi að svífa um í hafgolunni

Svif á svokölluðum paraglider, eða svífvængjum er að ryðja sér til rúms á Ísafirði en í allmörg ár hefur hún verið stunduð af nokkrum frumherjum sem fluttu hana með sér sunnan úr Ölpum. Það er tilkomumikil sjón að sjá menn svífa um loftin blá á litskrúðugum svífvængjum og hefur vakið athygli ófárra bæjarbúa er nokkrir Ísfirðingar hafa í síðnum máli lagt stund á slíkt flug.

„Við byrjuðum nokkrir saman að stunda þessa íþrótt fyrir ári síðan er þýskur leiðbeinandi á vegum Svífdrekafélags Reykjavíkur hélt nám-skeið í paraglidervífi á Ísafirði. Síðan þá höfum við stundað svífið við hvert færi sem gefst eða eins oft og konurnar okkar leyfa okkur að fara“, segir Skarphéðinn Ölver Sigurðsson, paragliderflugmaður.

„Svæðið við Arnarnes í Skutulsfirði er afar ákjósanlegt til paragliderflugs en einungis þarf að ganga í um tuttugu mínútur frá bílnum upp í hlíðina og síðan sér uppstreymið um að halda flugmanninum á lofti.“

Þetta er ekki stórhættuleg íþrótt eins og margir halda en hún er heldur ekki hættulaus. Maður verður að vita hvað maður er að gera. Maður hlýpur ekkert af stað strax í

byrjun og fer að svífa heldur verður að læra grunnatriðin og að beita vængnum rétt. Það tekur allavega viku. Þá hef ég kennt tveimur mönnum íþróttina en maður þarf ekki að vera löggildur leiðbeinandi til þess“, segir Skarphéðinn.

Skarphéðinn, Þorri Gestsson, Tumi Þór Jóhannsson, Eyjólfur Ari Bjarnason og Sigurður Páll Ólafsson stunda paraglidervífið saman enda góð hópíþrótt.

Ótrúlegt frelsi

„Fátt jafnast á við það þegar nokkrir flugmenn eru að á góðum degi og geta borið saman bækur sínar. Við eigum einstakar aðstæður til að stunda þetta hér fyrir vestan og njótum hafgolunnar en búum við sáralitla ókyrrð. Góðir staðir til að svífa á auk Arnarnessins er Háabrún í botni Skutulsfjarðar og Þverfjall. Það er ótrúlegt frelsi sem maður upplifir við að svífa um loftið. Þetta er mjög skemmtileg íþrótt og frekar ódýr líka þar sem í raun er aðeins stofn- kostnaður“, segir Skarphéðinn.

Auk þess að læra grunnatriði þurfa paragliderflugmenn að hafa kunnáttu í flug og veðurfræði.

„Það er margt sem þarf að hafa í huga og það hjálpar til að þrír af okkur félögumum



eru einkaflugmenn.

Nú höfum við í hyggju að kynna íþróttina og vonir standa til að við getum gert það í tengslum við Siglingadaga. Við erum að reyna fá mann til að koma yfir hátíðina með tveggja manna væng svo fólk

geti prófað að svífa með öðrum sem kann það. Ef einhverjir hafa áhuga þá hvetjum við þá til að hafa samband því við erum alltaf til í að veita öðrum tilsögn og koma þessari frá- bærni íþrótt á framfæri.“

– thelma@bb.is

● **Borgin mín** · Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi AtVest

Alice Springs í öræfum Ástralíu

„Uppáhaldsborgin mín er Berlín. Ég bjó lengi þar og í borginni er að finna allt gott og slæmt sem þýska þjóðin hefur upp á að bjóða. Þar er iðandi lista- og tónlistarlíf en einnig fátækt. Þjóðleg stemmning ríkir í borginni og hún er mjög skemmtileg. Alice Springs er einnig í miklu uppáhaldi hjá mér en



hún er í miðjum öræfum Ástralíu. Mjög skemmtileg borg og samfélagið er blanda hvíttra manna og frumbyggja. Ég var mjög hrifin af Alice Springs. Ekki stendur til að heimsækja hana neitt á næstunni þar sem nú er ég með lítið barn. En ég reyni að fara árlega til Berlínar.“



● **Vestfirskar þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

Listin að auglýsa

Jón Aðalbjörn Bjarnason, fyrrum ljósmyndari og töframaður á Ísafirði og mjög lengi síðan ljósmyndari í Kópavogi, hafði eitt sinn þá er hann var ungur maður auglýst eldgamalt mótórhjól í bæjarblöðunum á Ísafirði og engin viðbrögð fengjó. Sigurður Jónsson í Prentstofunni Ísrunu, Búbbi prentari, hringdi til Jóns og sagði: Þú kannt bara ekki að auglýsa, Nonni minn. Ég skal semja fyrir þig auglýsingu. Svo kom auglýsingin og hjólið seldist eins og skot. Auglýsingin var svohljóðandi: Til sölu er glæsilegt, vel með farið og sem nýtt BSA mótórhjól. Þrjátíu ára fantakeysrsla á vondum vegum sannar gæðin.

Mikill heiður að vera fjallkona

Á þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní stígur fjallkona fram í skautbúningi og flytur ljóð. Hún er persónugervingur íslenskrar náttúru og búningur hennar táknrænn fyrir fegurð landslagsins og ríka menningu þjóðarinnar. Bláklædd kvenímynd Íslands sem minnir á bláma hafsins og himinsins. Vanalega er ung kona valin til að taka að sér pennan heiður og fjallkonan á Ísafirði á síðasta ári var Margrét Magnúsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða 2004, frá Hóli í Öndarfirði. Bæjarins besta ræddi við Margréti um hvernig upplifun það er að vera þjóðartákn Íslands í einn dag.

„Inga Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar hringdi í mig nokkrum vikum fyrir 17. júní og bað mig um að taka að mér hlutverk fjallkonunnar. Mér fannst það mikill heiður og samþykkti það. Það kom mér reyndar á óvart að hún skyldi biðja mig en mér fannst alveg sjálfsagt að slá til.

Fyrir ávarpið mitt valdi ég ljóð sem mig langaði til að lesa. Ég var svolítið stressuð þegar ég var komin í búninginn og átti að fara ganga af stað en það hvarf strax. Mér fannst mjög gaman að vera í þessum fallega búningi og fylltist þjóðarstolti. Ég hafði áður farið í peysuföt en það er ekki oft að maður fær að vera í svona glæsilegum og dýrum þjóðbúningi. Ég var þó aðeins í honum stutta stund, rétt á meðan hátíðarhöldunum stóð.

17. júní er alltaf svo skemmtilegur dagur og það var mjög góð reynsla að vera fjallkonan. Í mínum huga er hún tákn þjóðarinnar og það tilheyrir þjóðhátíðardeginum að fjallkonan flytji ávarp. Þessi dagur lifir vel í minningunni“, segir Margrét.



Margrét Magnúsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða 2004 og fjallkonan á Ísafirði í fyrra.

● **Brennslan mín** · Unnar Þór Sverrisson, starfsmaður Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði

Hlusta mest á Tom Waits

Þessi lög sem ég vel hér eru engan veginn uppáhalds lögin mín enda ekki hægt að velja svo fá lög í uppáhaldi. Þessi lög er hinsvegar valin af handahófi úr fjölda góðra laga sem ég hlusta reglulega á.

1. Ó Reykjavík – Vonbrigði

Ég hlustaði mikið á plötuna Rokk í Reykjavík þegar ég var unglingur. Mikið af því sem var á plötunni skildi ekkert eftir sig í minningunni. Þetta lag hinsvegar hefur lifað með mér.

2. New York, New York – Frank Sinatra

Þegar Leikfélagið Hallvarður ségandi setti upp leikritið Með vífið í lúkunum árið 2000 var einungis leikin tónlist með Frank Sinatra. Fyrir þann tíma hafði ég ekkert hlustað á Frankie. Nú í dag hlusta ég á hann þegar ég er til dæmis að læra. New York, New York er

bara eitt fjölda góðra laga með honum.

3. Viva Las Vegas – ZZ Top

Í kringum árið 1995 fékk ég æði fyrir hljómveitinni ZZ Top. Nokkur lög voru í uppáhaldi hjá mér en sennilega er það sem er mér minnstæðast lagið Viva Las Vegas sem Elvis gerði frægast á sínum tíma.

4. Port of Amsterdam – David Bowie

Á uppvaxtarárum mínum fór ég að hlusta mikið á David Bowie og má segja að hann sé minn uppáhalds tónlistarmaður. Á disknum Pin-ups er Bowie að taka fyrir lög eftir aðra er þetta einskonar „ábreiðu plata“ eins og snillingarnir á Rás 2 hafa íslenskað orðið cover album. Auka lag á disknum er lagið Port of Amsterdam eftir Jacques Brel. Lagið er líklega það eina af disknum sem ég get raulað skammlaust.

5. London calling – The Clash

Á svipuðum tíma og ég var að hlusta á Rokk í Reykjavík plötuna fékk ég lánaða snældu sem hét The singles, sem var smáskífusafn The Clash. Ég hlustaði á þessar spólur fram og til baka og varð hugfanginn af þessu kraftmikla, reggae blandaða nýbylgju rokki, án efa var lagið London calling í uppáhaldi, og síðar keypti ég London calling þegar hún kom út á disk.

6. Panic in Detroit – David Bowie

Kraftmikið rokklag af plötunni Aladdin Sane, lagið stendur höfðinu hærra en mörg góð lög á plötunni.

7. Bíldudals grænar baunir – Jolli og Kóla

Þegar ég var 8 ára gamall fór að berast mér til eyrna tónlist þeirra Valgeirs og Sigurðar Bjólu, systur mínar hlustuðu hlust töluvert á þá félagu og þá sérstaklega mikið á þetta lag, finnst mér ég verða aftur barn

þegar ég heyrir það.

8. Hollywood

– Herbert Guðmundsson
Skemmtilegt lag frá þeim tíma sem ég var með sítt að aftan, og meira hár en nú.

9. Rio – Duran Duran

Einmitt á þessum tíma þegar maður hafði meira hár var enginn maður með mönnum nema að hann hlustaði annaðhvort á Duran Duran eða Wham, ég hlustaði þá frekar á Duran Duran. Þess má geta að það voru oft miklar deilur og jafnvel slagsmál milli þeirra hlustuðu á þessar hljómveitir. Ég eignaðist aðeins eina plötu með Duran Duran, en það var platan Rio. Það er ekki nokkur spurning að titillag plötunar var langbest á þessari plötu. Fyrir ekki svo löngu síðan hlustaði ég rykið af þessari plötu og fór að hlusta, og viti menn, þetta hefur bara ekkert versnað með árunum.

10. Tom Waits –



Unnar Þór Reynisson.

Christmas card from a hooker in Minneapolis

Tom Waits er líklega sá tónlistarmaður sem hlusta ég mest á í dag og hefur hann gefið út gríðarlega mikið efni. Ég valdi eitt lag með honum í brennsluna svona í lokin. Valdi ég lagið Christmas card from a hooker in Minneapolis lagið er mjög gott og lengsta nafn á lagi sem ég minnst þess að hafa séð.

● **Stuttar fréttir**

Litla Gistihúsið

Opnar 17. júní

Hjónin Halldór Þorvaldsson og Regína Scheving eru nú að ljúka við að innrétta 4 tveggja manna herbergi í Sundstræti 43 sem leigð verða út á sumrin. Að sögn Halldórs verður húsið kallað Litla Gistihúsið og hefur mikil vinna farið í uppbyggingu þess í vetur og í vor. Stefnt er að því að opna með pompi og prakt á afmæli lýðveldisins þann 17. júní og bjóða ferðalögum upp á gistingu á sumrin og fram á haust.

–halfdan@bb.is

Atvinnuleysis-tryggingasjóður veitir styrki til Bolungarvíkur

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs hefur samþykkt að veita styrki til verkefna á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar. Um er að ræða fjögur verkefni í umhverfis-, lista- og safnamálum. Samtals er um að ræða 11 tímabundin störf. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur sem haldinn var fyrir skömmu.

–hj@bb.is

Smáauglýsingar

Til leigu er 3 herb. 84 fm íbúð í Stórholti 13 á Ísafirði. Uppl. gefur Unnar í síma 846 3241.

Óska eftir bíl á verðbilinu 15-100 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 865 6451 e. kl. 17.

Til sölu tvö barnahjól fyrir 5-7 ára og 7-9 ára. Einnig til sölu stofuborð og skápur undir hljómflutningstæki. Fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í s. 848 2097.

Tapast hefur gullgiftingarhringur merktur Bragi. Skilvís finnandi hringi í s. 456 3535 eða 868 4090.

Óska eftir barnapíu í sumar til að passa 3ja ára strákr. Tinna s: 868 4806.

Til sölu 3ja sæta sófasett, 2 stólar, sófaborð, fataskápur. Uppl. í síma 893 1769.

Til leigu íbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 893 1769.

Óska eftir að kaupa klóru/klífurstað fyrir kött. Á sama stað til sölu tóluskrifborð með yfirhillum í horn frá Húsgagnahöllinni, selst ódyrt. Uppl. síma 456 4586 eða 862 8702.

Vantar ísskáp ódyrt eða gefins. Uppl. í síma 866 2906.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu



PÓSTURINN

allur pakkinn

Gamla apótekið

Albertína ráðin til forstöðu



Albertína Elíasdóttir.

Albertína Elíasdóttir hefur verið ráðin sem nýr forstöðumaður kaffi- og menningarhússins Gamla apóteksins á Ísafirði. Aðspurður sagði Jón Björnsson sem ásamt fleirum hafði ráðninguna með höndum að ráðið hefði verið í stöðuna í gær og að Albertína hefði þegar hafið störf.

Eins og áður var sagt frá sóttu sjö um stöðuna. Starfið mun taka nokkrum breytingum undir stjórn nýs forstöðumanns en Ísafjarðarbær og skrifstofa Evrópusambandsins í málefnum ungs fólks í Evrópu undirrituðu nýlega samninga um að Gamla apótekið miðli upplýsingum til íslenskra ungmenna um verkefni og styrki innan ESB.

Starf umsjónarmanns Gamla apóteksins og Evróvisis mun felast að hluta til í því að svara fyrirspurnum íslenskra ungmenna um möguleika til náms, styrkja og atvinnu í löndum ESB.

–halfdan@bb.is

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins

Það þriðja stærsta sem kemur í sumar



Skemmtiferðaskipið Costa Allegra kom til Ísafjarðar á mánudag. Um borð eru um 800 farþegar sem fluttir voru frá borði til hafnar á Ísafirði. Skipið er 30 þúsund brúttótonn að stærð og er það þriðja stærsta sem til Ísafjarðar kemur þetta sumarið. Skipið hafði viðdöl á Ísafirði frá klukkan 08 til klukkan 18 og tók Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, á móti ferðamönnum við bryggju.

–halfdan@bb.is

Flutningabíll út af í Bolungarvík



Mildi að bíllinn valt ekki

Flutningabíll fór út af Þjóðólfsvegi í Bolungarvík rétt upp úr klukkan eitt á mánudag. Bílstjóra sakaði ekki. Aðspurður um tildrög óhappins sagði Jón Bjarni Geirsson aðalvarðstjóri í lögreglunni í Bolungarvík að lítið væri um þau vitað. Mildi þykir þó að bíllinn hafi ekki oltið.

„Bílstjóra tókst að halda honum á dekkjunum og missti hann ekki á hliðina. Bíllinn var fullur af ís, fiskikörum og öðrum varningi. Skemmdir eiga eftir að koma í ljós, en stórgrýtt er á þeim stað þar sem bíllinn fór út af“, sagði Jón Bjarni þar sem hann var staddur á slysstað.

–halfdan@bb.is

Draumaaðstaða í Vestra-portinu fyrir starfsfólkið

Porti Vestrahússins á Ísafirði hefur verið breytt í úti-vistar- og íþróttasvæði fyrir starfsfólk hússins og var það vígt með pomp og prakt á föstudag.

„Teitið gekk mjög vel og voru um 80 manns þegar mest var“, segir Kári Jóhannsson, starfsmaður eignarhaldsfélagsins Vestra sem leigir út aðstöðu og frystipláss í húsinu.

Bóðið var upp á skemmtidagskrá þar sem Elfar Logi Hannesson birtist í gervi út-lagans Gísla Súrssonar og Ingunn Ósk Sturludóttir söng nokkur lög við harmónikkuleik Einars Hreinssonar. Í portinu er fyrsti útihitvöllur

Íslands sem átti að vera tekinn í notkun en fresta þurfti opunarleiknum vegna veðurs. Bóðið var upp á grillaða sjávarrétti og léttar veigar.

Ólöf Valdimarsdóttir, arkitekt hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, hannaði portið en starfsfólk Vestra sá um framkvæmdir. Portið var lengst af geymsla fyrir veiðarfæri og annað.

„Nú er þetta draumaaðstaða ætluð fyrir fólk í húsinu, leigutaka og aðra. Þar er fullgildur badmintonvöllur og borð og seti fyrir 50 manns“, segir Kári.

–thelma@bb.is

